



„HÉR DEYR FÓLK ÚR MALARÍU OG HEILAHIMNUBÓLGU, SJÚKDÓMUM SEM HÆGT ER AÐ MEÐHÖNDLA, EN VIÐ GETUM ÞAÐ EKKI ÞVÍ OKKUR SKORTIR AÐSTÖÐU TIL ÞESS.“

Sigurður Guðmundsson landlæknir glímur við skort og sjúkdóma í Malaví.



SVALT SUMAR

Strákar eiga að vera smart í veðurblíðunni

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. júlí 2007 – 203. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

LAUGARDAGUR



Frestað til eilífðar

Tölvuleikurinn Duke

Nukem Forever hefur verið meira en tíu ár í framleiðslu. Fréttablaðið fór yfir sorgarsögu þessa brandara tölvuleikjasögunnar.

HELGIN 30

Megas er vinur minn

Bubbi Morthens kannast ekki við ósætti milli sín og Megasar en margir hafa viljað túlka texta Megasar á þann veg.

FÓLK 38

Nýr dómari í Gettu betur

Páll Ásgeir Ásgeirsson verður dómari og spurningahöfundur í Gettu betur næsta vetur. Áhugi hans á fuglasöng gæti skilað sér inn í keppnina.


FÓLK 46

Björgvin á góðu róli

Björgvin Sigurbjörgsson og Nína Björk Geirsdóttir eru með þriggja högga forustu þegar Íslandsmótið í golfi er hálfnað.

ÍPRÓTTIR 42


VEÐRIÐ Í DAG




Þurr vestanlands Áframhaldandi milt veður um allt land, og væta víðast hvar, en þó þurr að mestu vestanlands. Hiti 8-15 stig á læglendi.

Laugardagur

Lestur meðal 18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í maí 2007



VIÐ FÓTSKÖR LEIFS HINS HEPPNA Pau Jack og Elisa frá Englandi sátu í rólegheitum við fótskör Leifs heppna í gær og nutu veðursins á torginu fyrir framan Hallgrímskirkju í Reykjavík. Hvort viðburðaríkt líf landkönnuðarins hafi verið þeim efst í huga fylgir ekki sögunni en hún Hekla Fönn hafði hins vegar öðru að sinna og var hláupin þegar ljósmyndara bar að.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Risaskref í siglingaöryggi

Reglur um leiðastjórnun flutningaskipa hafa verið samþykktar. Risaskref í öryggismálum, segir siglingamálastjóri. Gæti afstýrt meiri háttar mengunarslysi á mikilvægustu uppeldisstöðvum nytjafiska.

SAMGÖNGUMÁL „Þetta er risaskref sem nú hefur verið stigið, bæði hvað varðar siglingaöryggi og til að koma í veg fyrir meiri háttar mengunarslysi á afar viðkvæmu lífríki þessa svæðis,“ segir Hermann Guðjónsson siglingamálastjóri um samþykkt undirnefndar Alþjóðlegu siglingamálastofnunarinnar (IMO) á reglum um leiðastjórnun flutningaskipa við suður- og suðvesturströnd Íslands. Hefðbundin siglingaleið flutningaskipa verður færð lengra frá landi sem kemur í veg fyrir að stór flutningaskip sem bera mikið magn hættulegra eða mengandi efna sigli eins nálægt landi og tðkast hefur.

Hermann segir að markmið leiðastjórnunarinnar sé að vernda mikilvægar uppeldisstöðvar helstu nytjastofna og viðkvæmt fuglalíf og að beina skipum frá siglingahættum á siglingaleiðir sem teljast öruggastar. Kjarni tillagnanna er að tvær siglingaleiðir eru afmarkaðar; innri leið fyrir skip sem eru 5.000 brúttótonn og minni og ytri leið fyrir stærri skip og skip sem flytja hættulegan eða mengandi farm. Einnig eru þrjú svæði afmörkuð sem ber að forðast með öllu. Tillögurnar útiloka ekki siglingar gámaflutningaskipa um innri leið vegna undanþágu sem byggir á reynslu íslenskra skipstjórnarmanna og hafi þeir komið sex sinnum til hafnar við

Faxaflóa síðustu 18 mánuði. Einnig mega minni olúskip sigla innri leið þar sem þau létta olíu sem gufar hratt upp.

Forsvarsmenn Landhelgisgæslunnar hafa gagnrýnt siglingaleiðir flutningaskipa um innri leiðina harðlega og kallað það glapræði að flutningaskip sigli aðeins nokkrum mílum frá landi með stóra farma af olíu og öðrum hættulegum efnum. Halldór B. Nellet, framkvæmdastjóri aðgerðasviðs Landhelgisgæslunnar, fagnar niðurstöðu IMO og segir hana skipta miklu fyrir aukni siglingaöryggi og auki svigrúm til að bregðast við óhöppum eða slysum. „Við getum skipulagt eftirlit og björgunaraðgerðir okkar betur í mörgum tilfellum.“

Anna Fanney Gunnarsdóttir landfræðingur vann ítarlega rannsókn á dreifingu olíumengunar í hafi árið 2003. Þar voru bornar saman siglingaleiðir suðvestur af landinu. Í ályktunum rannsóknarinnar segir Anna að samkvæmt niðurstöðum dragi um 50 prósent úr hættunni á að viðkvæm strandsvæði mengist ef siglingaleiðin yri færð utar.

Sextíu olúskip sigldu innri leiðina til hafnar við Faxaflóa árið 2006 en tíu sigldu ytri leiðina. Þau báru um 800 þúsund tonn af olíu og allt að því fimmtíu þúsund tonn í hverri ferð.

- shá / sjá síðu 4

Fyrirtæki í mjólkuriðnaðinum höfðu mál gegn Samkeppniseftirlitinu:

Telja samkeppniseftirlitið vanhæft

ÍÐNADUR Mjólkursamsalan (MS), Auðhumla og Osta- og smjörksalan hafa höfðað mál á hendur Samkeppniseftirlitinu. Þess er krafist að Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, víki sæti við rannsókn á máli mjólkuriðnaðarinnar sem hófst með húsleit Samkeppniseftirlitsins í höfuðstöðvum MS hinn 5. júní.

„Forstjóri Samkeppniseftirlitsins hefur opinberlega verið með miklar yfirlýsingar um mjólkuriðnað. Í ljósi þess teljum við að hann geti ekki farið hlutlaust yfir okkar mál,“ segir Guðbrandur Sigurðsson, forstjóri MS. Guðbrandur segir að MS hafi óskað eftir því að Páll lýsti sig vanhæf en þegar hann gerði það ekki var farið með málið til héraðs-



GUÐBRANDUR SIGURÐSSON
Forstjóri Mjólkursamsölnunnar.

PÁLL GUNNAR PÁLSSON
Forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

dóms. Þess er einnig krafist að aðrir starfsmenn Samkeppniseftirlitsins víki sæti.

„Hvorki ég né aðrir starfsmenn Samkeppniseftirlitsins höfum forsendur til að víkja sæti enda erum við alls ekki vanhæf til meðferðar málsins,“ segir Páll.

Í fyrra gaf Samkeppniseftirlitið út álit þar sem þeim tilmælum var beint til þáverandi landbúnaðarráðherra að beita sér fyrir breytingum á lögum sem kveða á um að mjólkurafurðastöðvar séu undanþegnar lögum um samrunaefirlit. Páll segir að það álit sé með öllu ótengt því máli sem nú er til athugunar hjá Samkeppniseftirlitinu.

- þo

Áfellingdómur í nýrri skýrslu:

Drukknir geimfarar hjá NASA

BANDARÍKIN, AP Bandaríska geimferðastofnunin, NASA, hefur að minnsta kosti tvisvar sinnum látið drukna geimfara stjórna geimförum, jafnvel eftir að fram

höfðu komið ábendingar um að með þessu væri geimfarinu stofnað í hættu.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu frá óháðri rannsóknarnefnd. Í

skýrslunni er ekkert gefið upp um það hvenær þetta gerðist, hvaða geimfarar áttu í hlut né hvaða geimförum þeir stjórnuðu.

NASA lét setja þessa rannsóknarnefnd á fót eftir að geimfarinn Lisa Nowak var handtekin í febrúar síðastliðnum og ákærð fyrir að hafa gert tilraun til mannráns.



GEIMSKUTLA Tvisvar sinnum hafa geimfarar verið drukknir.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sumarmarkaður til 3. ágúst
Sprengfull búð af frábærum tilboðum! Ellingsen

Hinn og hat / SÍA

SPURNING DAGSINS



Karl, var frúin ekki bara að biðja um skó?

„Nei, hún er ágæt, en systur mína vantaði skóg.“

Karl Wernersson og systir hans Ingunn keyptu Galtalækjarskóg af bindindissamtökunum I.O.G.T. Ástæðan var fjárhagsörðugleikar hjá samtökunum.

Bæjarstjórn Akraness fundar:

Deiliskipulag liggur ekki fyrir

SKIPULAGSMÁL Aukafundur verður haldinn í bæjarstjórn Akraness í dag að kröfu þriggja fulltrúa minnihlutans vegna samkomlags bæjarráðs við Kalmansvík hf. um útfærslu á sjö hektara landi.

„Við höfum ýmislegt út á þetta samkomulag að setja. Það hefði til dæmis verið eðlilegra að gera deiliskipulag fyrir svæðið áður en því var úthlutað,“ segir Hrönn Ríkhardsdóttir, fulltrúi minnihlutans í bæjarstjórn og ein þremminganna sem kröfðust þess að boðað yrði til fundarins.

Kalmansvík hyggst byggja á fjórða hundrað íbúðir fyrir fimm tíu ára og eldri en að sögn Hrannar hefur engin greining verið gerð á því hversu mikil þörf er á slíku húsnæði.

Samkomulag Bandaríkjanna og Indlands er talið vera sögulegt:

Samstarf í kjarnorkumálum

WASHINGTON, AP Stjórnvöld í Bandaríkjunum og Indlandi hafa komist að samkomulagi um að taka upp samvinnu í kjarnorkumálum. Yfirvöld í löndunum tveimur segja að samkomulagið sé sögulegt.

Samkomulagið er niðurstaðan í mánaðarlöngum samningaviðræðum sem grunnur var lagður að fyrir tveimur árum síðan. Það snýst aðallega um samstarf um þróun kjarnorku sem ekki er notuð í hernaðarlegum tilgangi, segir öryggismálaráðgjafi Indlands, M. K. Narayanan. Í því er til dæmis ekkert minnst á hvort Indlandi megi sprengja kjarorkusprengjur í tilraunaskyni, en það hefur lengi



GEORGE W. BUSH OG MANMOHAN SINGH Forseti Bandaríkjanna og forsætisráðherra Indlands á fundi í Nýju-Delí í fyrra.

verið deiluefni á milli landanna, segir Narayanan.

Með samkomulaginu mega Bandaríkjamenn senda kjarnorku-

úrgang til Indlands og láta Indverjum í té upplýsingar um tækni til að framleiða kjarnorku. Í staðinn munu vopnaeftirlitsmenn fá að rannsaka þau kjarnorkuver Indlands sem ekki eru notuð í hernaðarlegum tilgangi; þeir mega hins vegar ekki rannsaka kjarnorkuver hersins.

Þeir sem gagnrýna samkomulagið segja að samvinna við Indland á sviði kjarnorkumála gæti enn frekar aukið á útbreiðslu kjarnorkuvopna í heiminum, en Indland byggði kjarnorkuáætlan sína upp án þess að vera aðili að samningnum um takmörkun á útbreiðslu kjarnorku.

- ifv

Samstarf um þriðju kynslóðina:

NOVA og Vodafone samann í 3G

FJARSKIPTI Vodafone og Nova hafa samið um samnýtingu farsíma-kerfa. Vodafone fær aðgang að nýju dreifikerfi Nova fyrir þriðju kynslóð farsíma (3G) og Nova fær á móti aðgang að GSM farsíma-kerfi Vodafone.

Í tilkynningu til Kauphallar kemur fram að stjórnir Og fjarisrípta og Nova telji að samningurinn feli í sér verulegt hagræði fyrir bæði félögin.

„Samkomulagið er í samræmi við útboðslýsingu Póst- og fjarisrípta-stofnunar fyrir 3G tíðniheimildir sem veitir réttihöfum svigrúm til samnýtingar á dreifikerfum,“ segir þar.

- óká

Í MIKLAHOLTSHREPPI Ólafur býr ásamt konu sinni Ingibjörgu í Miðhrauni I en Sigurður og Bryndís búa á næsta bæ, Miðhrauni II. Lögmaður Ólafs segir nágrannana ekki talast við. Nýjasta deilan snýst um meinta landgræðslu Sigurðar á sameiginlegu landi þeirra.



Lét setja lögbann á uppgræðslu lands

Ólafur Ólafsson í Samskipum lét setja lögbann á jarðvegslosun nágranna síns á sameiginlegu landi þeirra. Skil ekki af hverju menn vilja stöðva landgræðslu, segir nágranninn. Lögmaður Ólafs segir aðgerðirnar í óleyfi meðeigandans.

FÓLK „Ég veit ekki hvort mér er hlátur eða grátur í huga, maður skilur bara ekki tilganginn með þessari taugaveiklu,“ segir Sigurður Hreinsson, bóndi í Miklaholtshreppi á Snæfellsnesi. Nýlega var sett lögbann á jarðvegslosun hans á landi sem er í sameiginlegri eigu hans og nágranna hans, Ólafs Ólafssonar stjórnarformanns Samskipa.

„Við höfum staðið í uppgræðslu á þessu landi, sem einhverra hluta vegna er í óþökk meðeigandans. Ég skil ekki af hverju menn vilja stöðva landgræðslu.“

Sigurður segir konu sína, Bryndís Guðmundsdóttur, hafa fengið símtal á dögunum frá Daða Jóhannssyni, sýslufulltrúa á Snæfellsnesi, þar sem hann tjáði henni að lögbann á uppgræðslunni væri í undirbúningi.

„Þegar ég spurði hann hver ástæðan væri fyrir lögbanninu sagðist hann ekki þurfa að gefa neina ástæðu fyrir því,“ segir Sigurður. „Það er einkennilegt að það sé hægt að setja á mann lögbann fyrir að bæta landið.“



ÓLAFUR ÓLAFSSON

Sigurður og Ólafur hafa staðið í málaferlum vegna landamerkja og eignarréttar á jörðinni í nokkur ár og standa þau enn yfir. Deilan snýst um hvaða túlkun eigi að leggja í orðið „fjallendi“, en í afsöllum síðan 1952 segir að fjallendi sé sameiginlegt með jörðunum. Í byrjun júlí fjallaði Frétta-

blaðið einnig um deilur þeirra vegna ferða Ólafs um sveitina á einkaþyrli sinni.

Kristinn Hallgrímsson, lögmaður Ólafs, segir málið vera til komið af því að nágrannarnir talist ekki við nema í gegnum lögmenn sína.

„Sigurður og kona hans stóðu fyrir því að losa yfir hundrað vörubílsfarma af mold og úrgangi á jörðina, sem áhöld eru um hvort þau eigi eitthvað í. Í versta falli er hún í sameiginlegri eigu bæjanna.“

Hann segir að jafnvel þótt losunin sé einhvers konar landuppgræðsla gerist hún ekki nema í samvinnu við meðeiganda jarðarinnar. „Þú sturtar ekki bara mold og úrgangi á sameiginlegan garð við fjölbýlishús án þess að tala við nágranna þína.“

salvar@frettabladid.is



JAROSLAW KACZYNSKI Forsætisráðherra Póllands vill að minni flokkarnir tveir í ríkisstjórninni styðji stefnu flokks hans.

Samstarfið hangir á blápræði:

Stjórnarslit líkleg í Póllandi

VARSIÁ, AP Forseti Póllands, Jaroslaw Kaczynski, hefur rekið tvo embættismenn sem eru meðlimir í minni stjórnarflokkunum tveimur í ríkisstjórn hans. Aðgerð forsætisráðherrans hefur aukið á þá spennu sem hefur verið innan ríkisstjórnar hans síðustu vikurnar. Kaczynski hefur sett stjórnendum minni flokkanna tveggja í ríkisstjórninni afarkosti: að styðja stefnu flokks hans ellegar eiga það á hættu að hann slíti samstarfinu við þá.

Andrzej Lepper, stjórnandi annars minni flokksins, sagði að aðgerð Kaczynskis væri fyrsta skrefið í þá átt að slíta ríkisstjórnarsamstarfinu.

- ifv

LÖGREGLUFRÉTTIR

Ekið á gangandi stúlku

Níu ára gömul stúlka handlegsbrotnaði þegar ekið var á hana í Hafnarfirði í gær. Stúlkan var að fara yfir gangbraut á Nönnustíg þegar slysið varð.

Slys í Bakkaselsbrekku

Tveir bifhjólsmenn sluppu ómeiddir þegar þeir féllu af bifhjóli í Bakkaselsbrekku í Öxnadal í gær. Ökumaður hjólsins missti stjórn á hjólinu í polli svo það skall í götuna. Ekki var um hraðakstur að ræða.

Innbrot á Selfossi

Brotist var inn í fjögur fyrirtæki á Selfossi í fyrrinótt. Stolið var skjávarpa og tölvuskjám. Ekki er vitað hver var að verki en lögreglan rannsakar málið.

Formaður Neytendasamtakanna gagnrýnir útboð á tollakvóta:

Sýnir hvað kerfið er fáránlegt

NEYTENDUR „Þetta mál sýnir í hnotskurn hvað þetta er fáránlegt kerfi sem við búum við hér á landi,“ segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, um þá ákvörðun Sláturhúss Hellu að nýta ekki tollakvótann sem það fékk úthlutað þegar tollakvóti á innfluttu kjöti var boðinn út í apríl.

„Þetta fær mann til þess að velja því fyrir sér hvort þetta hafi allt verið í plati. Áttum við kannski aldrei að fá ódýru vöruna?“ spyr Jóhannes, sem dregur í efa ummæli forsvarsmanna Sláturhússins sem segjast hafa misskilið útboðsreglurnar. Hann segir að



JÓHANNES GUNNARSSON formaður neytendasamtakanna

kerfið bjóði upp á að það sé misnotað og segir að fyrirtæki geti séð sér leik á borði með því að bjóða í kvótann til þess að losna við innflutning annarra.

„Þegar þessi samningur við ESB var kynntur átti hann að stuðla að

lægra vöruverði. Því miður var kvótinn boðinn út og við neytendur þurfum að gjalda fyrir það með hærri vöruverði,“ segir Jóhannes, sem telur réttlátara að útdeila kvótanum með því að varpa hlutkesti.

Neytendasamtökin hafa ítrekað lagt til að tollaútbodum verði hætt enda megni þau ekki að lækka vöruverð. „Innflytjendur bjóða enn hærri verð í þessa kvóta en þeir gera í almenna tollkvóta, svo þessi leið er dæmd til að mistakast. Kostnaðurinn sem verður við útboðið fellur á neytendur,“ segir Jóhannes.

- þó

Embættismaður í heimsókn:

Samstarf um nýtingu jarðhita

STJÓRNARMÁL Aðstoðarorkumálaráðherra Bandaríkjanna, Alexander Karsner, heimsótti Ísland í gær og fundaði

með Össuri Skarphéðinsyni iðnaðar-ráðherra. Helsta umræðuefni þeirra var nýting jarðvarma og samstarf ríkjanna tveggja í orkumálum.



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

„Við vorum að ræða mögulegt samstarf ríkjanna og ég nefndi sérstaklega djúpbörunarverkefni sem við erum að reka og í ljós kom að þeir eru með mjög skylt verkefni í gangi,“ segir Össur.

„Við höfum átt mikið samstarf í öryggismálum, en nú má segja að því sé lokið með brottför hersins. Því má segja að samstarf á sviði jarðhita sé kjörið sem einn af burðarásunum í samstarfi okkar í framtíðinni,“ segir Össur.

- sjg



HART Á MÓTI HÖRÐU Þessum bíl er vart við hjargandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Félagar í Saving Iceland:

Náðu ekki beygjunn

FÓLK Bíll sem var vel merktur Saving Iceland-hópnum lenti í umferðaróhappi síðdegis í gær. Bíllinn var að beygja frá Garðastræti inn á Vesturgötu en ekki vildi betur til en svo að ökumaðurinn náði ekki beygjunn og klessti á hús við Vesturgötu.

Auglýsingastofan Jónsson & Le macks hefur aðsetur í húsinu sem klesst var á. Starfsmenn stofunnar halda úti bloggi og sögðu á gamansamum hátt frá atburðunum. „Hvort þetta uppátæki sé liður í mótmælendaseríu hópsins vitum við ekki enn,“ segir á blogginu.

- þeb

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Ráðherra heimsækir Kanada

Geir H. Haarde forsætisráðherra og eiginkona hans halda til Kanada í dag þar sem ráðherra mun funda með þarlandum ráðamönnum. Hjónin heimsækja Nova Scotia, Manitoba, Nýfundnaland og Labrador en þau munu dvelja í Kanada til 8. ágúst.

Takmarkað magn

4.799
~~5.990~~

Tjald

Arizona, 4ra manna
Innra lag: Öndunarefni úr Polyamid
Ytra lag: 190T Polyester
Flatarmál með fortjaldi: 130x210*240
PU 1500MM
Hæð: 130 sm
Þyngd: 6,9 kg
8,5 mm fiberglass stangir
5869200



Allt fyrir útivistina



Nýtt Húsmiðjubleið komið út
Stútfullt af **girnilegum tilboðum**



26.995

Beint
á toppinn

Farangursbox
260 ltr, 1,25x0,75x0,33 m
5794410



Regn og vindsett
margir litir
5868689-93, 765-9, 849-59,

4.999
~~6.995~~

Frábær
í gönguna

1.599
~~2.990~~

Bakpoki
5860401



Kælibox
24 ltr
3899342 **1.290**

9.999

Gönguskór
Leður, st. 36-47,
vatnsheldir, m/gartex öndun
5862969-80



HÚSMIÐJAN
...ekkert mál

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	61,40 61,70
Sterlingspund	124,69 125,29
Evra	83,71 84,17
Dönsk króna	11,248 11,314
Norsk króna	10,432 10,494
Sænsk króna	9,069 9,123
Japanskt jen	0,5155 0,5185

SDR	93,83	94,39
-----	-------	-------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
113,7187
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fyrirtækið Smartkort og Íþrótt- og tómstundaráð ræða saman:

Smartkort verði notuð í sundi

REYKJAVÍK Viðræður fyrirtækisins Smartkort og Íþrótt- og tómstundaráðs um að nýta smartkortakerfi í sundstöðum Reykjavíkurborgar eru langt á veg komnar. Þetta staðfesti Ómar Einarsson, sviðsstjóri hjá Íþrótt- og tómstundasviði.

Í Fréttablaðinu í gær kom fram að Strætó bs. íhugaði að taka ekki í notkun smartkortakerfi sem verði hefur í bígerð á vegum borgarinnar frá árinu 2002 og hefur kostað hátt á hálfan milljarð. Kerfið er hugsað sem miðlægt greiðslukortakerfi fyrir margvíslega þjónustu á vegum borgarinnar.

Ranghermt var í Fréttablaðinu í gær að fyrirtækið Smartkort hefði



SMARTKORTALESARI Þó að ólíklegt sé að smartkortin verði notuð í strætisvögnum er líklegt að gestir sundstaða Reykjavíkur geti nýtt sér kerfið.

hætt rekstri. Hið rétta er að það skipti um nafn, heitir nú Curron og veitir fjölda aðila þjónustu sína. „Ætli ég verði ekki að játa það að

ég hafði ekki kannað þennan bakgrunn fyrirtækisins,“ segir Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó bs.

Lykill gleymdist í einum bílnum

LÖGREGLUMÁL Þremur bílum var stolið í Reykjavík í fyrradag. Einn bíll hvarf í Breiðholti árla dags en fannst svo síðdegis. Tveir piltar og stúlka, sem öll eru undir tvítugu, voru handtekin vegna málsins. Þau voru öll undir áhrifum fíkniefna en þríeykið hefur áður komið við sögu hjá lögreglu. Eitthvað hafði bíllinn rispast í meðförum þjófanna og þá saknaði eigandi ökutækisins fartölvu úr bílnum. Hinum bílnum tveimur var stolið í austurborginni. Í öðrum þeirra hafði ökumaður skilið bíllykilinn eftir í bílnum og því átti þjófurinn hægt um vik að stela honum. - pal



FRÁ AFHENDINGU Hafsteinn er lifandi goðsögn í hugum margra Skagamanna.

Höfðingleg gjöf: Fengu þúsund myndir gefnar

FÓLK Ljósmyndasafni Akraness bærust nýlega tæplega 1.000 svarthvítar ljósmyndir af íslenskum bátum. Gefandinn er Hafsteinn Jóhannsson, oft nefndur kafari, sem tók myndirnar á árunum 1960 til 1970. Bátarnir sem prýða þessar ljósmyndir eru flestir ekki til í dag, eins og fréttavefurinn Skessuhorn greindi frá.

Hafsteinn er fæddur og uppalinn á Akranesi og lifandi goðsögn og hetja að mati Skagamanna. Hafsteinn afrekaði það að sigla einn umhverfis hnöttinn víðstöðulaust frá Noregi á árunum 1990 til 1991 á skútu sem hann sjálfur byggði og tók ferðin 241 dag. Það var Hafsteinn sjálfur sem afhenti safninu myndirnar. - shá

LEIÐRÉTTING

Grænalón í Skaftáfrétti er þjóðlenda og afréttur, þrátt fyrir yfirlýsingu landeiganda í sveitinni í blaðinu í gær. Grænalón við Skeiðarárjúkul er hins vegar á eignarlandi, samkvæmt nýlegum dómi.

Í sérblaði um ferðahelgina sem fylgdi Fréttablaðinu í gær urðu þau mistök að Kotmót Hvítasunnusafnaðarins var sagt vera á Kirkjubæjarklaustri. Hið rétta er að það er haldið í Kirkjulækjarkoti í Fljótshlíð. Yfirskrift mótsins að þessu sinni er Kraftur Heilags anda til þín.

Siglingaleiðir afmarkaðar við Suður- og Suðvesturland


Undirnefnd Alþjóða siglingamálastofnunarinnar samþykkti í gær tillögur íslenskra stjórnvalda um afmörkun siglingaleiða. Engar athugasemdir voru gerðar og reglurnar taka gildi vorið 2008. Leiðastjórnun þykir draga verulega úr hættu á mengunarslysi sem hefði gífurleg áhrif á lífríki og efnahag landsins.

SAMGÖNGUMÁL Undirnefnd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) samþykkti í gær tillögur íslenskra stjórnvalda um leiðastjórnun skipa við suður- og suðvesturströnd landsins. Siglingar flutningaskipa með hættulegan farm og mengandi varning verða takmarkaðar. Markmið leiðastjórnunarinnar eru að vernda mikilvægar uppeldisstöðvar helstu nytjastofna og viðkvæmt fuglalíf og að beina skipum frá siglingahættum á siglingaleiðir sem teljast öruggastar.

Hermann Guðjónsson, siglingamálastjóri og formaður nefndar samgönguráðherra um leiðastjórnun skipa, segir að undirnefnd IMO hafi samþykkt tillögurnar óbreyttar. Þær koma í október til fullnaðarafgreiðslu IMO, sem er í raun ekki annað en formsatriði, og taka reglurnar síðan gildi vorið 2008. „Formleg afgreiðsla er á fundi siglinga- og öryggisnefndar IMO í haust. Sérfræðinefndin sem samþykkti tillögurnar nú var stærsti þröskuldurinn og mjög ánægjulegt hvað nefndin var jákvæð á þessari breytingar.“

Kjarni tillagnanna er að tvær siglingaleiðir eru afmarkaðar fyrir Reykjanes; innri leið fyrir skip sem eru 5.000 brúttótonn og minni og ytri leið fyrir stærri skip og skip sem flytja hættulegan eða mengandi farm. Einnig eru þrjú svæði afmörkuð sem ber að forðast.

Sturla Böðvarsson, fyrrverandi samgönguráðherra, skipaði nefndina til að vinna að tillögum



Sérfræðinefndin sem samþykkti tillögurnar nú var stærsti þröskuldurinn og mjög ánægjulegt hvað nefndin var jákvæð á þessari breytingar.

HERMANN GUÐJÓNSSON SIGLINGAMÁLASTJÓRI

um leiðastjórnun í nóvember 2006 og hún skilaði af sér í apríl 2007. Undirbúningur að leiðastjórnun flutningaskipa við Íslandsstrendur hófst þó árið

1993 og hafa siglingar skipa úti fyrir suður- og suðvesturströnd landsins verið til skoðunar því sýnt þykir að slys á þessari siglingaleið hefði gífurleg áhrif á lífríki og efnahag þjóðarinnar.

Forsvarsmenn Landhelgisgæslunnar hafa gagnrýnt siglingaleiðir flutningaskipa um innri leiðina harðlega og kallað það glapræði að flutningaskip sigli aðeins nokkrum mílum frá landi með stóra farma af olíu og öðrum hættulegum efnum. Sex-tíu olíuskip sigldu innri leiðina til hafnar við Faxaflóa árið 2006 en

tíu sigldu ytri leiðina. Þau báru um 800 þúsund tonn af olíu og allt að því fimmtíu þúsund tonn í hverri ferð.

Afmörkun siglinga við svokallaða ytri leið hefur mætt nokkurri andstöðu hagsmunaaðila. Þannig lagðist Samband íslenskra kaupskipaútgæra gegn þessum hugmyndum árið 2000. Hafa skipstjórar á íslenskum kaupskipum bent á að í mörgum tilfellum sé öruggara fyrir skip og umhverfi að geta siglt nærri strönd landsins, sé veðurfar og sjólag með ákveðnum hætti. svavar@frettabladid.is



Bylgjan á puttunum um landið í sumar

BYLGJAN
989

Dagskrá og nánari upplýsingar á bylgjan.is


ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

VEÐURSPÁ

Elin Björk Jónasdóttir veðurfræðingur
Þúrt vestanlands
Það er blautt í veðri þessa dagana. Sunnanlands má búast við síðdegis-skúrum, og á Norður- og Norð-austurlandi er súld eða rigning við ströndina. Líklegt er að þúrt verði á Vesturlandi og á sunnanverðum Vestfjörðum í dag. Hitinn er lægri en undanfarnar vikur, en hlýnar aftur í byrjun næstu viku. Vindátt breytist lítið í dag og á morgun, en á sunnudag má búast við suðvestlægum áttum.

VEÐURHORFUR Í BORGinni Í DAG
Norðan 5-8, hiti 10-15 stig.


um hádegi »



um hádegi »

Kaupmannahöfn	19°C skýjað	London	20°C skúr
Billund	15°C rigning	Paris	22°C léttskýjað
Ósló	16°C rigning	Frankfurt	24°C léttskýjað
Stokkhólmur	18°C rigning	Friedrichshafen	26°C léttskýjað
Gautaborg	16°C rigning	Berlín	24°C léttskýjað

» á morgun



» sunnudagur

Eindhoven	22°C skýjað
Basel	26°C léttskýjað
Alicante	31°C heiðskirt
Róm	33°C heiðskirt
Las Palmas	23°C heiðskirt

*Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Stór og sterk

Er nú rétti tíminn til að nýta sér sterka stöðu íslensku krónunnar og fjárfesta í erlendum verðbréfasjóðum?



Alþjóðlegi hlutabréfasjóðurinn hentar vel þeim sem vilja fjárfesta til langs tíma á erlendum hlutabréfamörkuðum og nýta sér sterka stöðu krónunnar. Markmið sjóðsins er að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Sjóðurinn var með bestu ávöxtun sambærilegra sjóða á markaði á síðasta ári; hækkaði um 43,18%* á árinu 2006.

BRIK hlutabréfasjóðurinn er alþjóðlegur sjóðasjóður og fjárfestir í heimssjóðum (Global Funds) sem fjárfesta einkum í hlutabréfum félaga sem skráð eru í kauphöllum í **B**rasilíu, **R**ússlandi, **I**ndlandi og **K**ína. Sjóðurinn er einkum fyrir fjárfesta sem eru tilbúnir að fjárfesta í mörkuðum sem sveiflast töluvert meira en markaðir í Evrópu eða Bandaríkjunum og ættu því að skila meiri arði til lengra tíma.



ENGIN sölubóknun til 1. sept. 2007

Kynntu þér kosti þessara tveggja sjóða nánar á www.spronverdbref.is eða í síma 550 1310.

 **SPRON**
VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

BRIK hlutabréfasjóðurinn og Alþjóðlegi hlutabréfasjóðurinn eru verðbréfasjóðir skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingasjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa www.spronverdbref.is.

KJÖRKASSINN



Hefur þér þótt framhaldssagan um hundinn Lúkas áhugaverð?

JÁ	22,8%
NEI	77,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á skólaþólk að fá frítt í strætó frekar en aðrir hópar?

Segðu skoðun þína á visir.is



Fólk gengur í hús og þykist safna fyrir Blindrafélagið:

Fólk láti ekki blekkjast

LÖGREGLUMÁL Óprúttir aðilar hafa undanfarið gengið í hús og sagst vera að safna peningum á vegum Blindrafélagsins. Félaginu hafa undanfarið borist fyrirspurnir um hvort söfnun standi yfir á vegum þess. „Þetta eru nokkur símtöl og það er auðvitað hörmulegt þegar svona kemur upp,“ segir Halldór Sævar Guðbergsson, formaður Blindrafélagsins. Hann man eftir örfáum tilvikum þar sem svipuð mál hafa komið upp og vonast til þess að um einangrað dæmi sé að ræða.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur ekki fengið neinar tilkynningar um þessa fölsku söfnun. Allt of algengt sé að fólk loki



HALLDÓR SÆVAR GUÐBERGSSON

bara hurðinni á svona fólk og sleppi því að tilkynna um atvikið. Fólk verði einnig meyrtn vegna þessa góða málstaðar og óprúttir aðilar notfæri sér það. „Það er um að gera að skora á fólk að láta ekki blekkjast,“ segir Halldór. „Söfnunarfólk á okkar vegum er alltaf merkt. Annars fer megnið af okkar söfnunum fram í gegnum síma og póstdreifingu, við erum mjög lítið að ganga í hús,“ segir Halldór að lokum.

Utanríkisráðherra um íraska flóttamenn:

Óvíst um komu

UTANRÍKISMÁL Engin ákvörðun hefur enn verið tekin um hvort eða hvenær íröskum flóttamönnum verði boðið að leita skjóls á Íslandi.

Utanríkisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, ljáði upphaflega máls á þessum möguleika í heim-sókn sinni til Mið-Austurlanda. „Það er ekkert víst að það verði alveg á næstunni. Það verður bara tekið á þessum málum ef og þegar þau koma upp,“ sagði Ingibjörg að loknum ríkisstjórnarfundum í gær.

Mannréttindasamtökin Amnesty International telja að um fjórar milljónir Íraka séu á vergangi.



UTANRÍKISRÁÐHERRA Ingibjörg segir óvíst að tekið verði á mállefnum íraska flóttamanna á næstunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Laugardagur til

LUKKU

Tilboðið gildir aðeins í dag

55% afsláttur

LA Z BOY
RIALTO LA-Z-BOY SÓFI B:205 D:90 H: 100 CM

69.980

áður: 159.980
Gildir meðan birgðir endast

HÚSGAGNAHÖLLIN

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • 110 Reykjavík
• 585 7200 • opið í dag frá kl. 11-18

Ný höfn byggð fyrir Vestmannaeyinga

Horfið frá áformum um jarðgöng. Bakkafjörühöfn og ný ferja tekin í notkun árið 2010. Farnar verða allt að 2.555 ferðir árlega. Áætlaður kostnaður er 5,6 milljarðar. „Til einskis að berja höfðinu við stein“ segir bæjarstjórinn í Eyjum.

SAMGÖNGUR „Niðurstaða ríkisstjórnar var sú að það yrði horfið frá jarðgangahugmynd milli lands og eyja og þau áform lögð á hilluna,“ sagði Kristján Möller samgönguráðherra á blaðamannafundi í ráðuneyti sínu í gær.

Þess í stað verður ný höfn tekin í notkun í Bakkafjöru, vestan Markarfljóts í Landeyjasandi, árið 2010.

Höfnin mun þjóna nýrri ferju milli lands og Vestmannaeyja, sem kemur til með að fara sex til sjö ferðir daglega. Ferðin mun taka um þrjátíu mínútur, eða svipað og akstur um jarðgöng hefði tekið, að sögn Kristjáns.

Kostnaður vegna nýs tengivegar við þjóðveginn, nýrrar ferju og hafnargerðar er áætlaður 5,6 milljarðar króna.

Herjólfur mun sigla fimmtán aukaferðir árlega þar til Bakka-



fjörühöfn verður tekin í gagn og var gengið frá samkomulagi um það á símafundi forstjóra Eim-

skips, fjármálaráðherra og samgönguráðherra í gær.

Hin nýja ferja verður minni en Herjólfur og kemur til með að rýma 50 bíla og 250 farþega. Ferðun verður á móti fjölgað umtalsvert. Þær eru nú 720 á ári, utan fimmtán væntanlegra aukaferða, en verða á bilinu 2.190 til 2.555 á ári.

Ráðherrann sagði þetta gert í ljósi mikils kostnaðar við gangagerð og óvissu vegna jarðfræðilegra aðstæðna.

Samkvæmt skýrslu Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hefði kostnaður við jarðgöng verið á bilinu 52 til 80 milljarðar króna. Einnig segir í skýrslunni að áhöld séu um hvort réttlætun sé að grafa göng á svo jarðfræðilega virku svæði.

klemens@frettabladid.is

FERÐIR FALLI EKKI NIÐUR VEGNA VEÐURS

„Þetta eru að sjálfsögðu mikil vonbrigði fyrir mig og þá sem hafa unnið að framgangi þessa máls,“ segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri Vestmannaeyinga.

„Við vildum að þessi möguleiki yrði fullkannaður og áttum von á að það þyrfti meiri rannsóknir, en ég ætla ekki að kasta rýrd á vinnu Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen. Nú er ákvörðunin komin og við vinnum út frá henni.“

Elliði segir til einskis að berja höfðinu við stein og minnir á að bæjarstjórn Vestmannaeyja telji ferjulægi við Bakkafjöru næstbesta kostinn. „En það þarf að svara



ELLIÐI VIGNISSON

spurningum um hana líka, til dæmis væri sjálfsagt og eðlilegt að ekki yrðu meiri frátafir [að ferðir falli niður vegna veðurs] þar en eru í Þorlákshöfn. Það hafa komið fram ábendingar um, sérstaklega frá sjómönnum í Vestmannaeyjum, að hætt sé við frátöfum, sé ekki tekið tillit til þess við hönnun hafnarinnar,“ segir hann.

Umhverfissinnar vilja láta reyna á hvort umhverfisráðherra hafi brotið lög:

Stefna ráðherra vegna Teigsskógar

UMHVERFISMÁL „Það er undarlegt ef umhverfisráðherra getur með einu pennastriki felld umhverfismat úr gildi. Til hvers er þá verið að setja framkvæmdir í umhverfismat?“ segir Gunnlaugur Pétursson verkfræðingur en hann hefur ásamt landeigendum, Náttúruverndarsamtökum Íslands og Fuglaverndarfélagi Íslands ákveðið að höfða mál gegn fyrrverandi umhverfisráðherra sem samþykkti í janúar síðastliðnum lagningu vegar um Teigsskóg sem Skipulagsstofnun hafði lagst gegn.

Vegurinn er liður í endurbótum Vestfjarðavegar um sunnanverða Vestfirði. Gunnlaugur segir að allir sem hafi kannað umhverfisáhrif framkvæmdarinnar mæli gegn henni en svæðið þykir einstakt fyrir náttúrulegan birkiskóg, fuglalíf og fornminjar.



TEIGSSKÓGUR Í ÞORSKAFLIRÐI Skipulagsstofnun lagðist gegn því að lagður yrði vegur um Teigsskóg en umhverfisráðherra samþykkti framkvæmdina. MYND/VIKTOR ARNAR

„Tillaga Vegagerðarinnar um veg um Hjallaháls er mun vænni. Sá vegur er ódýrari og umhverfisáhrifin mun minni. Mér reiknast svo til að það væri jafnvel hægt að gera jarðgöng undir hálsinn fyrir sömu upphæð og kostar að leggja veginn um Teigsskóg,“

segir Gunnlaugur sem telur að ráðherra hafi orðið fyrir pólitískum þrýstingi frá Vesturbýggð.

Fái úrskurður umhverfisráðherra að standa má búast við að framkvæmdir verði boðnar út á næsta ári.

- þo

Allar útsöluvörur

nú á
allt að
seljast

125-1000 kr.

Verðhrun 50% auka afsláttur af útsölu

Verðdæmi

UPPHAFLEGT VERÐ	ÚTSÖLUVERÐ	50% AUKA AFSLÁTTUR
499 KR.	250 KR.	125 KR.
799 KR.	500 KR.	250 KR.
999-1.299 KR.	750 KR.	375 KR.
1.499-1.699 KR.	1.000 KR.	500 KR.
1.999-2.499 KR.	1.500 KR.	750 KR.
2.999-4.999 KR.	2.000 KR.	1.000 KR.

Nú fer allt á hvolf!

Bolir 250-500 kr.

Buxur og peysur 500-1000 kr.

Skór 500-1000 kr.

Nú er bara að háska sér og gera
kaup aldarinnar!

Þessi auglýsing á við fatnað og skó, ekki raftæki, húsgögn og heimilsvöru.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla



1. Hver keypti gamla Borgar-bókasafnshúsið af listamanninum Odd Nerdrum?
2. Hvaða íslenska söngkona stendur ásamt fleirum að stofnun góðgerðarsamtakanna Navia?
3. Hvaða þjóðir keppa til úrslita í Evrópukeppni 19 ára kvenna í knattspyrnu á sunnudag?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 46

Hernaðarandstæðingar:

Heræfinginn er misnotkun

UTANRÍKISMÁL Samtök hernaðarandstæðinga mótmæla fyrirhuguðum heræfingum hér á landi í næsta mánuði. NATO-ríkin Noregur, Danmörk, Bandaríkin, Lettland og Ísland halda æfinguna.

Í fréttatilkynningu frá samtökunum segir að æfingar af þessum toga séu ekki aðeins aðferð herveldanna til að þjálfa herlið sitt heldur einnig til að staðfesta áhrifasvæði sitt, berast á gagnvart hugsanlegum andstæðingum og jafnvel öðrum þeim. Enn fremur segir að það sé grátlegt að Ísland skuli ýta undir hernaðarbrótt með því að bjóða til æfinganna.

- þeb

Launamunur kynjanna í ESB:

Fimmtán pró-senta munur

VINNUMARKAÐUR Tekjur kvenna eru að meðaltali fimmtán prósentum lægri en karla, samkvæmt rannsóknunum Evrópusambandsins.

Evrópusambandið hefur gert skýrslu um leiðir til úrbóta. Ein af orsökum launamunarins er erfiðleikar kvenna við að samhæfa einka- og atvinnulíf. Konur eru frekar í hlutastörfum og taka oft hlé frá störfum. Í skýrslunni segir að eina leiðin til þess að ná árangri sé að ná viðtæku samstarfi milli karla og kvenna, frjálsra félagsamtaka, atvinnulífsins og stjórnvalda um að ráðast á vandann á öllum stigum samfélagsins.

- pal



KEPPENDUR ÍSLENSKA LIÐSINS F.v.: Stefán Víðar Sigtryggsson, Ásgeir Elíasson, Trausti Valdimarsson og Gunnlaugur Júlíusson.

Grænlandsævintýri lokið:

Lokaáfanginn tók 38 tíma

ÚTIVIST Íslenska liðið Intersport Iceland lenti í sjöunda sæti í ævintýrakeppni á Grænlandi eftir að hafa lagt að baki 120 kílómetra í einum rykk á tæplega 38 klukkustundum, hlaupandi, gangandi og róandi. Keppnin hófst síðasta laugardag.

„Þetta er algjör geðveiki,“ sagði Trausti Valdimarsson, einn keppendanna, en hann var að keppa í þriðja sinn. „Það má segja að öll hversdagsleg vandamál verða lítilræði í samanburði og maður lærir að meta það að fá mat, vatn, hreinlætisaðstöðu og svefn.“

- pal

Iðnaðarráðherra íhugar að endurnýja virkjanaleyfi Múlavirkjunar með skilyrðum:

Rennsli verði í Straumfjarðará

ÍDNADUR Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra íhugar að endurnýja takmarkað virkjanaleyfi Múlavirkjunar til fjögurra eða fimm ára með ströngum skilyrðum. Þau eru að yfirborð Baulárvallavatns verði það sama og áður og að rennsli verði í Straumfjarðará milli Baulárvallavatns og lónsins við stífluna. Það yrði gert með því að hafa jafnt rennsli í virkjuninni. Samkvæmt samningi Múlavirkjunar við Hitaveitu Suðurnesja á að veita meira vatni á daginn en á nóttunni.

Virkjunin er stærri en hún var samkvæmt áætlunum. „Þeir fóru langt fram úr öllu saman,“ sagði



BAULÁRVALLAVATN Skilyrði virkjanaleyfis eru að Baulárvallavatn renni ekki saman við lón stíflunnar eins og það gerir hér á myndinni.

Össur, „en við erum að íhuga hvort ekki sé hægt með þessum

mótvægisáðgerðum að tryggja lífríki straumandarinnar og urriðans á svæðinu. Svo virðist sem straumöndin hafi þegar aðlagð sig að svæðinu og hún hafi fært sig til á ánni. En ef í ljós kemur á þessum tíma eða fyrr að þetta gengur ekki þá er ekki um annað að ræða en að fyrirskipa breytingar á virkjuninni.“

Össur telur að Múlavirkjun hefði ekki átt að vera undanþegin umhverfismati á sínum tíma. Hann segir virkjanir af þessari stærðargráðu verða teknar fastari tókum í framtíðinni.

- pal

Þrettán féllu í sjálfsmorðsárás

Rauða moskan í Íslamabad var opnuð í gær til að reyna að lægja ófriðaröldu sem staðið hefur yfir í tvær vikur. Árás var gerð á hótél í nágrenni moskunnar. Aðkoman hrikaleg segja sjónarvottar. Öfgasinnaðir múslímar taldir ábyrgir.

PAKISTAN, AP Að minnsta kosti þrettán létust og 71 særðist í árás á hótél í grennd við Rauðu moskuna í Íslamabad í Pakistan í gær. Sjö hinna látnu voru lögreglumenn. Enginn hefur lýst yfir ábyrgð vegna árásarinnar en öfgasinnaðir múslímar eru taldir hafa staðið á bak við hana. Vitni að árásinni sagði að líkamshlutar og blóð hefðu verið úti um allt í rústum hótelsins. Sprengjusérfræðingar fundu sundurtættan efri hluta mannslíkama í rústunum og er þess vegna talið að um sjálfsmorðsárás hafi verið að ræða.

Árásin átti sér stað stuttu eftir að pakistanska lögreglan hafði skotið táragsi að hundruðum mótmælenda sem höfðu safnast saman í Rauðu moskunni og krafist þess að yfirvöld í Pakistan létu múslimaklerkinn Abdul Aziz lausan úr haldi. Aziz var handtekinn í umsátri pakistanska hersins um Rauðu moskuna fyrr í mánuðinum. Herinn gerði innrás í moskuna hinn 12. júlí eftir vikulangt umsátur þar sem að minnsta kosti 102 féllu.

Hrina árása herskárna múslíma á pakistanska hermenn fylgdi í kjölfar innrásarinnar í moskuna. Stjórnvöld í Pakistan voru gagnrýnd harðlega fyrir hana því talið er að mörg börn og námsmenn hafi einnig látið lífið. Yfirvöld í Pakistan opnuðu Rauðu moskuna aftur fyrir almenningi í gær til að reyna að lægja þessar



SJÁLFSMORÐSÁRÁS Í PAKISTAN Pakistanskir lögreglumenn og sjálfbóðaliðar leita að líkum í rústum hótelsins í Íslamabad.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ófriðaröldur en upp úr sauð eftir að mótmælendurnir byrjuðu að henda steinum í óeirðalögregluna. Pakistanska lögreglan handtók 25 mótmælendur í moskunni í gær.

Þeir öfgasinnuðu múslímar sem stjórnðu uppreisninni eru andstæðingar Musharrafs forseta Pakistans og stuðningsmenn talibana sem halda til í héruðunum sem liggja að Afganistan. Þeir vilja koma á sams konar samfé-

lagi í Pakistan og talibana komu á í Afganistan fyrir innrás bandarískra hersins. Talið er að sjálfsmorðarárásin á hótelinu komi sér afar illa fyrir Musharraff, sem er samherji Bandaríkjaþjórnar í stríðinu gegn hryðjuverkum. Forsetinn er undir miklum pólitískum þrýstingi út af fjölgun árása á pakistanska hermenn eftir innrásina í Rauðu moskuna og fyrr í mánuðinum var reynt að drepa hann.

ingifreyr@frettabladid.is

Ævintýrlegt hneykslismál úr frönskum stjórnálmum kemur fyrir dómara:

Villepin þarf að svara til saka

PARÍS, AP Bráðabirgðaáætlun hafa verið lagðar fram gegn Francois Villepin, fyrrverandi forsætisráðherra Frakklands. Hann er sakaður um að hafa á árunum 2003 til 2004 átt þátt í að breiða út óhróður um flokksbróður sinn, Nicolas Sarkozy, þáverandi ráðherra og núverandi forseta Frakklands.

Málið er allt hið ævintýrlega. Villepin var á þessum tíma utanríkisráðherra en Sarkozy innanríkisráðherra í stjórn Jean-Pierre Raffarin. Við sögu koma leynilegir bankareikningar, einkaspæjarar og skjalastuldur. Villepin er sagður hafa ætlað að tryggja að Sarkozy gæti ekki keppt við sig um að verða forsetaefni Íhaldsflokksins.

Villepin gæti átt yfir höfði sér allt að fimm ára fangelsi og háar sektargreiðslur ef hann verður fundinn sekur. Hann sagðist í gær ætla að verja mál sitt „til þess að



FRANCOIS VILLEPIN Fyrrverandi forsætisráðherra Frakklands er sakaður um að hafa breitt út óhróður um Nicolas Sarkozy.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

sannleikurinn geti loks komið fram í dagsljósið“.

Hann fullyrðir að hann hafi „aldrei nokkurn tíma tekið þátt í pólitískri refsakák“.

Sarkozy fór aldrei dult með að hann sæktist eftir forsetaembættinu. Villepin þótti einnig um tíma

líklegt forsetaefni, en vinsældir hans hröpuðu hratt þegar verkalyósfélög og námsmenn tóku höndun saman og efndu til mótmæla og verkfalla gegn breytingum á vinnu-málalöggjöf, sem Villepin reyndi að fá samþykktar á síðasta ári.

NÚ GETUR ÞÚ SKOÐAÐ PUNKTASTÖÐUNA Í NETBANKANUM!



PUNKTARNIR SNÚAST UM ÞIG

FYRIR 24.200 PUNKTA ER HÆGT AÐ FÁ:

15.000 kr.
ferðaávísun MasterCard
14.000
vildarpunkta Icelandair
13.000 kr.
í peningum

PUNKTASÖFNUNIN ER FYRIRHAFNARLAUS

Viðskiptavinur* sem nýtti sér
möguleika til punktasöfnunar gat
auðveldlega safnað sér 24.200
punktum á tveimur mánuðum.

Miðað við viðskiptavin í Gullvild,
kreditkortnotkun 200 þús., viðbótar-
lífeyrissparnað og bílalan

FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR!

Vildarklúbbur Glitnis hefur fengið
frábærar viðtökur hjá viðskiptavinum
okkar, sem eru strax farnir að sjá
afraksturinn.

Ertu ekki örugglega búin(n) að skrá
þig á www.glitnir.is?

GLITNIR



HUGO CHAVEZ Forseti Venesúela sór þess dýran eið í vikunni að halda áfram baráttu Fidels Castro gegn „heimsvaldastefnu“ Bandaríkjaþjórnar eftir að Kúbuforseti fellur frá.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FÉLAGSMÁL

Nýr framkvæmdastjóri ÍSÍ

Líney Rut Halldórsdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands. Líney starfar sem deildarstjóri íþrótt- og æskulýðsdeildar menntamálaráðuneytisins. Hún hefur verið sviðsstjóri Afrekssviðs ÍSÍ.

Kosningar til efri deildar Japansþings verða haldnar á morgun:

Abe berst fyrir lífi sínu

JAPAN, AP Skoðanakannanir sýna að æ fleiri Japanar vilja að stjórnarandstaðan vinni sigur í þingskosningunum, sem haldnar verða á morgun. Shinzo Abe forsætisráðherra og félagar hans í stjórnarliðinu róa nú öllum árum að því að tryggja sér sigur, þótt sú baráttu líti ekki út fyrir að ætla að bera mikinn árangur.

Kosið er um helming þingsæta í efri deild þingsins, sem reyndar er valdalítil. Stjórnarflokkarnir hafa það sterkan meirihluta í neðri deild þingsins, þar sem hin raunverulegu völd liggja, að kosningar á morgun breyta varla neinu um stöðu stjórnarinnar. Hins vegar gæti Abe þurft að segja af sér ef tapið verður stórt.

Abe hefur lagt mesta áherslu á tvö málefni í þessari kosningabaráttu; annars vegar lífeyrismál og hins vegar umbætur í menntamállum.

Nokkur alvarleg hneykslismál hafa dregið mjög úr trausti almennings til stjórnarinnar. Ichiro Ozawa, leiðtogi stærsta stjórna-



SHINZO ABE Forsætisráðherra Japans reynir nú hvað hann getur að koma í veg fyrir stórt tap í kosningunum á morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

arandstöðuflokksins, Demókrataflokks Japans, hefur heldur betur grætt á þeim hneykslismálum og gerir sér vonir um stóran kosningasigur.

Stjórnarflokkurinn hefur aðeins

verið að sækja í sig veðrið síðustu daga, en það ætlar þó varla að duga því samkvæmt skoðanakönnunum hefur fylgi Demókrataflokksins vaxið enn meir.

- gb



FORMANNSSKIPTI Órn Friðriksson tekur við formannssæti VM af Helga Laxdal.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Nýr formaður tekur við:

Mikið hagræði í sameiningu

VINNUMARKAÐUR Unnt verður að lækka félagsgjöld um 0,8 prósent án þess að skerða þjónustu við félagsmenn sagði Órn Friðriksson við Vísí í gær en hann tók nýlega við formannssæti Félags vélstjóra og málmteknimanna (VM). Vélstjórafélagið og Félag járníðnaðarmanna sameinuðust í október á síðasta ári og sagði Órn að mikil hagræðing hefði skapast við það.

Við sameininguna var samið um að félögin skiptu með sér formanns- og varaformannssætunum fyrsta kjörtímabilið eða í átján mánuði.

- aví



40% afsláttur

Camping-hitari með ljósi
Vnr. 29316

27.900 kr.

Verð áður 44.449 kr.



Borð
Viður og stál
Vnr. 48321

12.900 kr.

Verð áður 18.750 kr.

Stóll
Viður og stál
Vnr. 36781

9.900 kr.

Verð áður 13.775 kr.



Garðbökkur
Hvítmálaður
Vnr. 48314

9.900 kr.

Verð áður 13.755 kr.

Garðborð
Hvítmálað
Vnr. 48315

10.900 kr.

Verð áður 16.255 kr.

Garðstóll
Hvítmálaður
Vnr. 48316

5.900 kr.

Verð áður 8.750 kr.

Sumarm



30% afsláttur

Sóhlíf
Vnr. 36771

8.733 kr.

Verð áður 12.475 kr.

Sessa
Vnr. 36770

1.918 kr.

Verð áður 2.740 kr.

Borð
Viður og stál
Vnr. 48318

17.483 kr.

Verð áður 23.975 kr.

Stóll
Viður og stál
Vnr. 36780

10.430 kr.

Verð áður 14.900 kr.



Char-Broil Sequia-gasgrill
Vnr. 14270

24.900 kr.

Verð áður 36.994 kr.



Permasteel-gasgrill
Vnr. 43099

59.900 kr.

Verð áður 79.900 kr.



Permasteel-gasgrill
Vnr. 35452

69.900 kr.

Verð áður 95.294 kr.



Coleman-ferðagasgrill
Vnr. 44100

24.900 kr.

Verð áður 34.900 kr.



Primus-ferðagasgrill með gasslöngu
Vnr. 29776

4.900 kr.

Verð áður 6.794 kr.



Fortjaldshitari 4,2 kW
Vnr. 28601

12.900 kr.

Verð áður 19.900 kr.

Sprengfull búð af frábærum tilboðum

Fleiri teknir vegna hraðaksturs með auknu umferðareftirliti lögreglu:

Helmingi fleiri sektir á tveimur árum

LÖGREGLUMÁL Fyrstu sex mánuði ársins 2005 stöðvaði lögreglan 10.735 ökumenn fyrir of hraðan akstur. Á sama tímabili í fyrra voru ökumennirnir orðnir 14.858 sem er tæplega fjörutíu prósentu aukning. Í ár voru brotin 16.735 fyrstu sex mánuði ársins. Aukning upp á tæp þrettán prósent.

„Aukið fjármagn til umferðareftirlits er meðal ástæða fyrir þessu,“ segir Jónína Sigurðardóttir aðstoðaryfirlögrelupjónn hjá Ríkislögreglustjóra. Fyrstu sex mánuði þessa árs voru tvöfalt fleiri ökumenn stöðvaðir fyrir of hraðan akstur en árið 2005 þegar samningur á milli samgönguráðuneytis, ríkislögreglustjóra,



RADARMÆLINGAR Samgönguráðuneytið greiðir fyrir aukinn kostnað lögreglunnar við umferðareftirlit. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Umferðarstofu og Vegagerðarinnar tók gildi. Samningurinn gerði lögregluembættum kleift að auka umferðareftirlit og bæta við sig búnaði. Samgönguráðuneytið greiðir fyrir þennan auka kostnað. Í febrúar síðastliðnum var samningurinn endurnýjaður.

Sektir vegna allra umferðarlagabrota á síðasta ári voru rúmlega 33 þúsund. Tæplega 3.400 þeirra fóru til dómmeðferðar. Ekki hefur verið lokið við og tekin ákvörðun um 720 sektarboð frá síðasta ári.

- avi

FJÖLDI HRAÐAKSTURSBROTA

Fyrstu sex mánuði ársins 2005-2007

	2007	2006	2005
Janúar	1.709	1.152	864
Febrúar	2.543	2.023	1.159
Mars	2.409	2.537	2.014
Apríl	2.127	2.838	1.848
Máí	3.484	2.795	2.314
Júní	4.463	3.513	2.536
Alls	16.735	14.858	10.735



Fræðsluganga um Elliðaárdal og upp að Gvendarbrunnnum

Í dag, 28. júlí kl. 10:00 efnir Orkuveita Reykjavíkur til fræðslugöngu frá Minjasafninu í Elliðaárdal, upp dalinn að Gvendarbrunnnum. Meðal annars verður hugað að ánni, örnefnum, jarðfræði, gróðri og dýralífi. Fjölmargir fræðimenn koma til leiðsagnar. Gengnir verða um 12 km en boðið verður upp á akstur til baka um kl. 16:00. Þátttakendur þurfa ekki að koma nestaðir.



Orkuveita Reykjavíkur rekur stærstu jarðvarmaveitu í heimi. www.or.is

Allt að 50% afsláttur af veiðivörum



Orvis-vöðluskór
7.740 kr.
Verð áður 12.900 kr.



LOOP-flugustangasett
20.175 kr.
Verð áður 26.900 kr.



LOOP-vöðlujakki
12.950 kr.
Verð áður 25.900 kr.



LOOP-flíspeysa
4.519 kr.
Verð áður 9.038 kr.


50% afsláttur

50% afsláttur

til 3. ágúst

Markaður

Coleman-loftdýna Tvíbreið Vnr. 24938



2.600 kr.
Verð áður 4.235 kr.

Primus-tjaldlukt m/kveikju Vnr. 6962



3.500 kr.
Verð áður 4.677 kr.

LOOP-varmabuxur



8.385 kr.
Verð áður 12.900 kr.

Delta-kajaktoppur



7.140 kr.
Verð áður 11.900 kr.

Nookie-kastlína



4.130 kr.
Verð áður 5.900 kr.



50% afsláttur

Ellingsen-gasofn Vnr. 44048
7.500 kr.
Verð áður 14.900 kr.

Primus-pottasett Vnr. 29760



1.490 kr.
Verð áður 2.084 kr.

Primus-tjaldhitari Vnr. 6985



5.900 kr.
Verð áður 8.825 kr.

Kvensandali – leður



50% afsláttur
1.995 kr.
Verð áður 3.995 kr.

Leðugönguskór með öndunarfílmum



4.995 kr.
Verð áður 7.995 kr.

Strigaskór á frábæru verði



995 kr.

VIKING-gúmmístígvél




50% afsláttur
1.995 kr.
Verð áður 3.995 kr.

Leðurskór – herra St. 40-46



3.995 kr.
Verð áður 7.995 kr.



Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is
Tryggvabraut 1-3, Akureyri • Sími 460 3630

Afgreiðslutími
Mánudaga–föstudaga 8–18,
laugardaga 10–16
og sunnudaga 12–16
(ath. lokað sunnudaga á Akureyri)

Ellingsen

– fullt hús ævintýra

Sambúð frumbyggja og innflytjenda:

Frumreglur

PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Víða á Vesturlöndum eru líflegar umræður um innflytjendur og stöðu þeirra í nýju samfélagi. Danir fengu nýlega enn eitt tilefni til umræðu um þessi efni þegar þingframbjóðandi úr röðum innflytjenda lýsti réttmæti hryðjuverkaárása á danska hermenn í Írak.

Hér reis nokkur umræðubylgja á öndverðum síðasta vetri að frumkvæði Frjálslynda flokksins. Þeirri tilraun var af öðrum flokkum mætt sem kosningalýðskrumi. Sú gagnrýni var á nokkrum rökum reist. Lýðskrumsumræða um þessi efni hefur víða haft áhrif í kosningu og jafnvel breytt pólitísku myndri á skömmum tíma. Að því leyti var mikið í húfi í aðdraganda kosninga.

Á þessum vettvangi var á það bent að umræðan myndi væntanlega hníga eins og hver önnur alda ef henni yrði ekki fylgt eftir með markvissum tillögumflutningi um breytta löggjöf. Það kom á daginn og málið hafði óveruleg áhrif í kosningunum liðið vor.

Málefnaleg umfjöllun um þetta efni er hins vegar þörf. Við munum án efa á næstu árum mæta ýmsum áleitnum spurningum í þessu sambandi rétt eins og aðrar þjóðir sem lengri reynsla hafa af sambúð frumbylginga og innfluttra.

Satt best að segja hafa engin raunveruleg vandamál sprottið upp hér á landi af þessum sökum. Þvert á móti má rökstyðja að verðbólga hefði orðið talsvert meiri á mesta þensluskeiðinu ef erlendra krafta hefði ekki notið við í atvinnulífinu.

Þetta getur á hinn veginn breyst á einni nóttu. Samdráttur í atvinnu getur kallað á árekstra á vinnumarkaði. Um leið og árekstrar verða helgast umræðan af hita tilfinninganna. Í því ljósi er ekki úr vegi að umræða um mikilvæg meginsjónarmið hér að lútandi fari fram án sérstaks tilefnis.

Með hæfilegri einföldun má greina þessa umræðu í tvennt. Annars vegar er um hreina hagsmuni að tefla. Hins vegar eru dýpri hugmyndafræðileg álitefni. Ígrunduð stefna á báðum sviðum er jafn mikilvæg.

Hér hefur mest farið fyrir hagsmunum umræðu. Hún snýst helst um mál er lúta að rétti til sömu launa, aðstoð við aðlögun að stjórnsýslu og félagslegri aðstoð og kennslu í íslensku. Um þessi efni hefur ekki verið pólitískur ágreiningur. Í stærstu dráttum hefur þeim einnig verið ágætlega sinnt.

Að því er hugmyndafræðina varðar höfum við í evrópskum samanburði sett nokkuð strangar reglur um komu útlendinga til landsins utan Evrópska efnahagssvæðisins. Það er skynsamlegt og um það hafa heldur ekki staðið verulegar pólitískar deilur.

Önnur hugmyndafræðileg úrlausnarefni lúta að árekstrum ólíkra menningarheima og réttarkerfa. Þeir eru algengir víða erlendis eins og nýlegt dæmi frá Danmörku sýnir. Hér hafa slíkir árekstrar ekki orðið. En að því gæti komið.

Í slíkum tilvikum þarf að hafa þrjár frumreglur í huga: Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti. Allir sem ætla að búa í íslensku samfélagi þurfa að lúta þessum einföldu grundvallarlögmálum hverjar svo sem skoðanir þeirra eru eða trú. Vandamál sem upp koma á að leysa á þessum forsendum.

Ef hugmyndafræðin að baki stefnunni í innflytjendamálum er skýr verður umræðan málefnalegri. Um leið ætti að vera auðveldara að takast á við einstök viðfangsefni og árekstra ef til kemur jafnvel þó að hitni í kolum tilfinninganna.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **ADSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvín Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Græni kallinn

Kristján Möller samgönguráðherra lifir sig inn í starf sitt. Að loknum ríkisstjórnarfundum í gær skokkaði hann út úr Stjórnarráðinu fram hjá fréttamönnum sem vildu ná af honum tali.



Þá stoppaði hann við rauð gönguljós og hóf að lýsa dálæti á veðrinu sínu, líklega til að hvetja æsta fréttmenn til að taka sig til og ferðast.

Að lokum sýndi hann mikilvægi umferðarreglna, hrópaði „það er kominn grænn kall, bless!“ og skundaði burt.

Kolefnisjafnaðarmaður

Fátt þykir flottara þessa dagana en kolefnisjöfnun. Ríkisstjórnin rekur eindregna kolefnisjafnaðarstefnu. Ef fólk verður eitthvað stressað þessa dagana þarf það að kolefnisjafna sig á því. Bæjarstjórn Garðabæjar ákvað fyrir stuttu að kolefnisjafna allar bifreiðar í eigu bæjarins. Fá þá Gunnar Einarsson og félagar hans í Sjálfstæðisflokknum í bænum titilinn kolefnisjafnaðarmenn. Þeir hljóta að taka þeirri nafnbót með kolefnisjafnaðargeði.

Ógnað af Vísindakirkjunni

Kerfisstjórinn Elías Halldór Ágústsson hefur mikið látið til sín taka á bloggi sínu. Í gær skrifaði hann færslu um að bandaríska Vísindakirkjan, trúarbrögð stjarna á borð við John Travolta og Tom Cruise, hafi ofsótt hann vegna neikvæðra skrifa um kirkjuna á netinu. Á tíma jaðraði við lögsókn. Elías segir kirkjuna kúga fé úr fólk með dýrum námskeiðum, ógna opinberum starfsmönnum og njósna um meðlimi. Angar ofstækis hennar ná til Íslands.



steindor@frettabladid.is

Lýðræðið í Palestínu

Ísrael var stofnað 1948 fyrir tilstuðlan Sameinuðu þjóðanna um skiptingu Palestínu í tvö ríki. Hitt ríkið í Palestínu hefur hins vegar aldrei náð raunverulegu sjálfstæði þrátt fyrir skýran vilja og ætlun alþjóðasamfélagsins. Stofnun Ísraels olli stríði við nágrannalöndin og orsakaði fyrstu bylgu palestínskra flóttamanna, bænda og þorpabúa sem þurftu að flyja undan Ísraelsher og sjálfskipuðum vígasveitum Ísraelskra landnema. Tölur eru nokkuð á reiki um fjölda flóttamanna, en tæp milljón lætur nærri lagi. Í þessari þjóðernishreinsun liggur rót átakanna í Palestínu.

Núverandi Ísraelsríki hefur síðan þanist langt út fyrir þau landamæri sem því voru í upphafi mörkuð af Sameinuðu þjóðunum. Árið 1967 hernámu Ísraelsmenn landsvæði sem samantlagt var stærra en Ísrael í upphafi stríðsins. Þetta hernám hefur ítrekað verið fordæmt af Sameinuðu þjóðunum en Ísrael komist upp með að hunsar vilja alþjóðasamfélagsins. Árið 1974 fékk Frelshreyfing Palestínu hins vegar alþjóðlega viðurkenningu þegar leiðtogi hennar, Arafat, fékk að ávarpa allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna. Árið 1988 lýsti svo Frelshreyfing Palestínu yfir stofnun sjálfstæðs ríkis og fékk stuðning víða um heim. Þáverandi utanríkisráðherra Íslands sýndi mikla djörfung og frumkvæði þegar hann sótti heim palestínsku ríkisstjórnina og veitti hann þar með viðurkenningu í raun.

Oslóarsamkomulagið og efnir þess
Árið 1993 náðist samkomulag Ísraelsmanna og Palestínanna í Osló. Varð þá til eins konar ríki Palestínanna á Vesturbakkanum og Gazasvæðinu sem þó var hlutað í sundur og náði aðeins til 22% þess landsvæðis sem Ísrael hafði hernumið 1967. Ljóst er að forsendur



SVERRIR JAKOBSSON
Í DAG | Palestína

samkomulagsins voru veikar og Palestínumenn fórnðu miklu til að öðlast frið og alþjóðlega viðurkenningu. Þetta samkomulag hefur í raun ekki verið í gildi síðan 2000 þegar þáverandi leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Ísrael, Ariel Sharon, kaus að ögra Palestínumönnum til þess að grípa aftur til vopna. Hófst þá vopnuð átök sem fyrst og fremst hafa bitnað á Palestínumönnum. Frá árinu 2000 hafa ríflega 3000 Palestínumenn látið lífið (þar af rúmlega 500 börn) og samfélag þeirra er í rúst. Manntjón Ísraelsmanna er einnig verulegt en þó er engan veginn hægt að halda því fram að átökin hafi bitnað jafn mikið á almenningi þar.

Í þingkosningum í janúar 2006 unnu Hamas-samtökin sigur og fengu meirihluta á þingi Palestínu. Hinn nýi meirihluti myndaði stjórn undir forystu Ismail Hanyeh, en var þegar í stað beittur efnahagsþvingunum af hálfu Bandaríkjanna og Ísraels. Þar á meðal hélt Ísraelsstjórn eftir skattgreiðslum sem hin heimildir fyrir hönd heimastjórnarinnar. Í mars 2007 var svo mynduð þjóðstjórn Hamas og Fatah – meðal annars fyrir tilstilli Arababandalagsins. Í júní véc Mahmud Abbas, forseti Palestínu, stjórninni frá völdum í kjölfar átaka á Gazasvæðinu. Í kjölfarið fól Abbas Salam Fayad stjórnarmyndun. Hann sækir ekki umboð sitt til almennings því að í seinustu þingkosningum í Palestínu fékk flokkur hans einungis 2,4% atkvæða. Fráfarandi ríkisstjórn nýtur hins vegar ennþá þingmeirihluta.

Ríki Palestínanna er klofið
Ríkisstjórn Fayads er í raun aðeins við völd á hluta heimastjórnarsvæðisins. Annars staðar líta menn ennþá á Haniyeh sem forsætisráðherra. Ríkisstjórn Fayads nýtur stuðnings Bandaríkjanna og Ísraels og hefur fengið fyrirheit um fjárstuðning þaðan. Á hinn bóginn hefur hún ekki meirihluta á þingi, sem er forsenda þess að stjórn geti talist lýðræðisleg. Af þessu má ráða að staða mála í Palestínu er flókin því þar eru nú tvenn stjórnvöld. Viðbrögð umheimsins skipta miklu máli. Á að viðurkenna stjórn sem skipuð er af forsetanum og nýtur stuðnings öflugra erlendra aðila eða stjórn sem hefur á bak við sig þingmeirihluta og getur vísað í þjóðarvilja sem komið hefur fram í lýðræðislegum kosningum?

Ríkisstjórn Íslands hefur tekið afstöðu í málinu og skipar sér fast að baki Abbas forseta og minnihlutastjórn hans. Forsendur stefnumótunarinnar eru þó einkennilegar. Í fyrsta lagi hefur ríkisstjórn Íslands skotið sér undan þeirri staðreynd að Palestína sé klofin og reynir þar með að þagga niður alla umræðu um það hvers vegna hún kys að styðja annan aðilann umfram hinn.

Á hinn bóginn er það yfirlýst stefna annars stjórnarflokksins að „alþjóðasamfélagið viðurkenni sjálfstætt ríki Palestínanna og nýja þjóðstjórn Palestínu“ og að skapa þurfi forsendur fyrir lýðræði á svæðinu. Þessa stefnu kynnti Samfylkingin í seinustu alþingiskosningum og tók þar með skýra afstöðu með rétti Palestínanna til að kjósa sér ríkisstjórn. Ekki verður séð að yfirlýsingar utanríkisráðherra í Ísrael og óskoruð viðurkenning á ríkisstjórninni sem skipuð var í júní séu í samræmi við seinustu landsfundarályktun Samfylkingarinnar.

Strætó er valkostur fyrir stúdenta

UMRÆÐAN

Almenningssamgöngur

Reykjavíkurborg kynnti í vor svokölluð græn skref sem miða að því að gera borgina vistvænni og til fyrirmyndar í umhverfismálum. Tillögurnar eru góðar og afar ánægjulegt að stærsta sveitarfélagið á landinu skuli sýna slíkt frumkvæði. Eitt grænu skrefanna snýst um strætó og hvernig beri að efla hann, m.a. með því að veita öllum námsmönnum frítt í strætó á komandi skólaári. Stúdentaráð Háskóla Íslands og Bandalag íslenskra námsmanna sendu í júní erindi á hin sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og stjórn Strætó bs. og hvöttu þau til að fylgja í kjölfarið. Nú hafa þau flest samþykkt tillögur okkar og vonandi kemur í ljós á næstu dögum hvort allir vilja taka þátt.

Almenningssamgöngur hafa átt undir högg að sækja síðustu ár. Þær hafa verið illa nýttar og sveitarfélögin hafa „tapað“ á rekstri þeirra. Víða erlendis eru almenningssamgöngur helsti ferðamatinn en Íslendingar virðast aldrei hafa komist upp á lagið með að nota þær. Höfuðborgarþéttir hér eru vissulega fáir í samanburði við nágrannalöndin, en þó ætti að



DAGNÝ ÓSK ARADÓTTIR

vera raunverulegur valkostur að ferðast með strætó. Könnun sem Félagstofnun stúdenta hefur gert sýnir að nær fjórfalt fleiri stúdentar hyggjast nota strætó til að ferðast til og frá skóla eftir að gjaldtöku verður hætt. Miðað við þetta leikur verðið stórt hlutverk þegar stúdentar ákveða hvaða samgöngumáta þeir nota. Það skiptir einnig miklu máli hversu auðvelt það er fyrir nema í borginni að nota strætó, einkum stúdenta við HÍ. Núverandi leiðakerfi er í því tilliti afar hentugt. Þá er skammur biðtími einnig mikilvægur til að laða fleiri

almenningssamgöngum og vonandi hefur stjórn Strætó hugsað sér að auka tíoni ferða fyrir haustið.

Umhverfisvitund hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár og sífellt fleiri eru meðvitandi um hversu miklu máli það skiptir að umgangast náttúruna af virðingu. Mengun á höfuðborgarsvæðinu fer yfir hættumörk marga daga á ári og ljóst að bregðast þarf við. Sveitarfélögin hafa sýnt frumkvæði og nú höfum við námsmenn kjörð tækifæri til þess að sýna í verki að við viljum ekki búa í borg þar sem bílnum er gert hærra undir höfði en mannskeppunni.

Höfundur er formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

MEGAS & SENUÞJÓFARNIR



„...leikur sem tekst fullkomlega, bragðast vel og veldur aldrei leiða.“

„...allt útlit fyrir að karlinn hætti ekki fyrr en í kistu.“

Mbl. GÁ

15%
KYNNINGAR-
AFSLÁTTUR

BOKABÚÐ
MÁL & MENNINGAR
LAUGAVEGI 1B



Opið 10-21

NÓATÚN

Bestir í kjöti



LAMBAKÓRÓNA
AÐ HÆTTI GRIKKJA

2.498 kr. kg

Pú sparar 500
kr. kg



MÍÐJARÐARHAFS
GRÍSAGRILLSTEIK

998 kr. kg

Pú sparar 300
kr. kg



UNGNAUTA
PRIME RIBS

1.998 kr. kg

33%
afsláttur



LAXASNEIÐAR

599 kr. kg

47%
afsláttur



STEINBÍTSSPJÓT
M/CHILI OG LIME

398 kr. stk.

**Nóatún
mælir
með!**



KEILUSPJÓT MEÐ
SÍTRÓNUPIPAR MARINERINU

398 kr. stk.

**Nóatún
mælir
með!**

Framandi og ljúffengt
- Parma skinka og
Chorizo hrápylsa!



**Ótrúlegt
verð!**

EGILS KRISTALL
2 LÍTRAR

89 kr. 2 L



N.Y.S. SNAKK

199 kr. pk.

VSV humar
4 tegundir!



30%
afsláttur

Tilboð á lamba rib eye!

Grillpakki Nóatúns

Grillveisla fyrir 10 eða fleiri...



25%
afsláttur

LAMBA RIB EYE
VILLIKRYDDAÐ

2.398 kr. kg.

Nú er auðvelt að
halda grillveislu!

Náðu í grillveisluseðil í kjötbörði Nóatúns. Veldu úr þremur réttum ásamt gómsætu meðlæti og veislumaturinn er afgreiddur eftir 2 daga tilbúinn beint á grillið.

Mikið úrval af grillkjöti, grillsósum og grillspjótum!



SS MEXÍKÓ
GRÍSAKÓTELETTUR

1.259 kr. kg

26%
afsláttur



NÓATÚNS GRILLPYLSUR
MEÐ SÓLP. TÓMÖTUM OG OSTI

798 kr. kg

Þú sparar
200
kr. kg



KINDAINNRALÆRI SPJÓT
LAS VEGAS

498 kr. stk.

Þú sparar
100
kr. kg

Gott grillbrauð
- líka með hvítlauk!



10%
afsláttur

Nóatúns
tómat-
baguette!



20%
afsláttur



5 á dag

...í allt
sumar!

Ferskt og ljúffengt á grænmetistorginu!

Verði ykkur að góðu!

Stækkaðu við þig!

Fortjöld fyrir
hjólhýsi og
felli hýsi

PDO fortjöldin pakkast í poka í rennu utaná vagninum. Mjög fljótlegt að tjalda.



Verð frá: 49.900 kr.

Fortjöld fyrir
hjólhýsi



Verð frá: 109.900 kr.

Útlegumaðurinn er ný sérverstun með allt sem þú þarft til ferðalagsins, felli hýsi, hjólhýsi, tjaldvagna, útfatnað, fylgihluti og margt fleira. Kíktu við og skoðuðu úrvalið

Fossháls 5-7 | Sími 551 5600 | utlegumaðurinn.is
Ópið laugardag 10-17 og sunnudag 12-16



Útlegu
maðurinn

Grilldagar

Nú eru Grilldagar hjá Shell.
20% afsláttur af öllum grillvörum,
SS pylsuprennu og ORA grillsósum.

Grillvörur
20% afsláttur

SS
pysuprenna

20% afsláttur



20% afsláttur

Made to move



MAÐUR VIKUNNAR

Öflugasti útrásarvíkingurinn

Björgólfur er langflottastur, bæði duglegur og áráðinn,“ segir athafnamaðurinn Magnús Kristinnson um Björgólf Thor Björgólfs-son, umsvifamesta útrásarvíking þjóðarinnar. Þeir hafa bæði tekist á og unnið saman að góðum málum í íslensku viðskiptalífi og af þeim vettvangi þekkir Magnús Björgólf. „Hann stendur sig óskaplega vel í öllu sínum viðskiptum og fáir náð öðrum eins árangri.“

Ekki er það ofsagt hjá Magnúsi að Björgólfur Thor hafi staðið sig vel því hann er meðal ríkustu manna heims og fer enn mikinn í viðskiptalífinu, en úti í hinum stóra heimi er hann gjarnan kallaður Thor Björgólfs-son. Hann er fyrsti Íslendingurinn sem komst á lista Forbes Magazine yfir 500 ríkustu menn heims, datt inn í 488. sæti snemma árs 2005. Á þessu ári stökk hann upp um hundrað sæti milli ára og er í 249. sæti. Á sama tíma er hann í 23. sæti á lista Sunday Times yfir ríkustu menn Bretlands, en þar er hann búsettur. Má búast við að Björgólfur taki enn stökk á þessum listum þegar þeir verða næst teknir saman því þegar þeir voru gerðir fyrr á árinu voru eignir hans metnar á rétt rúma 250 milljarða króna. Síðan seldi hann eignarhlut sinn í búlgarska fjarskiptafélaginu BTC með 60 milljarða króna hagnaði, hefur tekið yfir Actavis að fullu og er virkur í fjölda fjárfestinga. Eftir sölu á BTC voru hreinar eignir Björgólfs taldar liggja í kring um 315 milljarða króna.

Þegar beðið er um persónulýsingu á Björgólfi segja þeir sem þekka hann úr viðskiptum að þar fari afskaplega ákveðinn og áráðinn maður, töffari. „Það fer ekki hver sem er í fótin hans Björgólfs. Hann er svo áráðinn og fljótur að greina hismið frá kjarnanum til að komast að niðurstöðu.“ Hann er sagður vinna bæði hratt og vel og vera mjög skipulagður í öllum sínum störfum.

Björgólfur er hins vegar passasamur þegar kemur að einkalífinu og leggur þó nokkuð upp úr því að halda því fyrir sig. Kristín Ólafsvikmyndagerðarmaður, kona Björgólfs, lýsti því í viðtali við Fréttablaðið í ársbyrjun 2005 að það hefði verið þeim báðum erfitt þegar áhugi fjölmiðla á þeim vaknaði fyrir alvöru. „Sérstaklega Bjögga sem vill halda einkalífi sínu út af fyrir sig,“ sagði hún, en þau Björgólfur kynntust í byrjun tíunda áratugarins þegar hún var aðeins átján ára gömul. Á þeim tíma var Björgólfur í námi í New York, þaðan sem hann útskrifaðist árið 1991 frá New York University. Þar bjuggu þau saman í um hálf tveggja ára tímabil. Björgólfur kom svo heim til Íslands um skeið og gerðist markaðsstjóri hjá Pharmaco og í drykkjarvörum hjá Sanitas. Á þessum tíma er Björgólfur til dæmis sagður hafa staðið fyrir fyrstu októberfest-hátíðinni hér á landi, en fagnaðurinn var á Rauða ljóninu á Eiðsgranda. Fljótlega lá leiðin hins vegar til útlanda þar sem hann með föður sínum stofnaði Bravo Brewery í Sankti-Pétursborg í Rússlandi árið 1993. Þar úti var Kristín vitanlega mikið með honum, bæði fyrir og eftir eigið meistaranám í Bretlandi. Núna búa þau í Lundúnum, en Björgólfur var yfir áratug í Sankti-Pétursborg. Þannig var

BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON



ÆVIÁGRIP

Nítjándi mars árið 1967 kom í heiminn drengur sem átti eftir að verða umsvifamesti fjárfestir þjóðar sinnar. Björgólfur Thor Björgólfs-son er meðal ríkustu manna heims og fer enn mikinn í viðskiptalífinu. Hann er stúdent frá Verszlunarskóla Íslands 1987, en að loknu stúdentsprófi fór hann í nám vestur um haf. Björgólfur fann sig ekki í Kaliforníu og flutti sig yfir til New York University þaðan sem hann útskrifaðist úr námi í fjármálafræði árið 1991. Að loknu námi starfaði Björgólfur um skeið á Wall Street, en sneri svo hingað heim í skammtan tíma. Þá fór hann með föður sínum til Rússlands árið 1993 þar sem þeir stofnuðu drykkjarvöruvirknið Bravo. Árið 2002 var svo grunnurinn lagður að ríkið Björgólfs þegar Heineken keypti Bravo Brewery. Síðan þá hefur hann víða látið til sín taka í fjárfestingum, heima og erlendis. Sjálfur kveðst hann vera „umbreytingarfjórferstir“.

Björgólfur Thor er sonur Björgólfs Guðmundssonar, viðskiptamanns og formanns bankaráðs Landsbankans, og Þóru Hallgrímsson. Hann er yngstur í hópi fimm systkina, giftur Kristínu Ólafsvikmyndagerðarkonu. Þau búa í Lundúnum í Englandi og eiga soninn Daniel Darra, sem varð tveggja ára í mars.

VANN SÉR TIL FRÆGDAR

Novator fjárfestingafélag Björgólfs Thors keypti að fullu samheitalyfjafyrirtækið Actavis í vikunni og greiddi á miðvikudag öðrum hluthöfum rúma 182 milljarða króna fyrir bréf sín. Þá eru allar skuldir Actavis endurfjármagnaðar um leið og félagið er tekið yfir og því ein umfangsmestu viðskipti Íslands-sögunnar orðin að veruleika. Heildarumfang viðskiptanna nemur um 451 milljarði króna.

HVÆÐ SEGIR HANN?

„Gott er að vera búinn með þetta til að geta einbeitt sér að sókninni [...] Þúsundir Íslendinga hafa mokgrætt á þessu. Þeim þakka ég fyrir samferðina, enda hefur verið gaman að taka þátt í þessu.“ Björgólfur Thor Björgólfs-son tjáir sig um yfirtökuna á Actavis þegar Novator náði yfirráðum fyrir 90 prósentum hlutafjár. Fréttablaðið 17. júlí 2007.

Hann er tíu árum yngri en næstýngsta systkinið. Hann er enda ekki sagður hafa skort athygli í uppveitningum, með systur tíu og föður árum eldri.

Helsti vinahópur Björgólfs er stundum kallaður Verslöhópurinn en hann samanstendur af gömlum skólafélögum. Þá eru nokkrir aðrir góðvinir sem hann heldur sambandi við. Björgólfur, sem er mjög oft upptekinn í vinnu, gefur sér engu að síður tíma til að rækta venskapinn og heldur mjög góðu sambandi við vini sína. Tekur hann sér þá gjarnan nokkurra daga frí og býður vinum sínum með í ferðir, eða eitthvað slíkt. Með þeim hætti kveðst Björgólfur bæta þeim upp fjarveru vegna vinnu mestan annan part ársins.

Í dögnum sem Björgólfur tekur sér til þess að sinna vinum sínum endurspeglast persónuleikaeinkenni hans að sinna hlutum í skorpum. Þegar hann fer í frí lokar hann sig af og sinnir sínum málum, ástvinum, fjölskyldu og félögum. En þegar hann er í vinnunni sinnir hann henni af fullum krafti. „Ekki er að finna hálfkák í kringum neitt sem Björgólfur tekur sér fyrir hendir,“ sagði viðmælandi. „Svo er hann líka skemmtilegur, mikill orkubolti og frjór. Í kring um hann er aldrei nein ládeyða.“

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15
8.697 -1,13%Fjöldi viðskipta: 945
Velta: 8.949 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ ENGIN HÆKKUN

MESTA LÆKKUN

↓

ATLANTIC PETROL. -5,04%
FLAGA -4,28%
ATORKA -2,72%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Atorka 9,30 -2,72% ... Bakkavör 68,00 -2,16% ... Eimskipafélagið 39,60 -2,10% ... Exista 38,75 -1,02% ... FL Group 28,60 -1,38% ... Glitnir 30,05 -0,17% ... Icelandair 29,15 -0,34% ... Kaupþing 1.250 -0,95% ... Landsbankinn 39,40 -2,11% ... Mosaic Fashions 17,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 21,65 -1,14% ... Össur 109,50 -0,91% ... Teymi 5,60 -1,24%

viðskipti

Umsjón: MARKADURINN nánar á visir.is

Tuttugu félög lækkuðu í verði

Úrvalsvísitalan lækkaði í gær um 1,32 prósent og endaði í 8.681 stigi. Vísitalan lækkaði alls um 3,49 prósent í vikunni sem er að líða. Tuttugu félög lækkuðu í viðskiptum gærdagsins en á sama tíma stóð aðeins eitt í stað, Alfesca. Bakkavör, Exista, FL Group, Landsbankinn og Straumur-Burðarás lækkuðu um meira en eitt prósent og Kaupþing um tæpt prósent.

Krónan gaf jafnframt eftir og lækkaði um 0,68 prósent. Gengisvísitalan stóð í 113,7 stigum við lokun markaða og hefur því gefið talsvert eftir á síðustu dögum eins og aðrar hávaxtamyntir á borð við Kanadadal og ástralska og nýsjálenska dalinn. Hins vegar hefur lágvaxtamyntin japanska jenið sótt í sig veðrið og hafði ekki verið sterkari gagn-

BREYTINGAR Á GENGI ÚRVALSVÍSITÖLUFÉLAGA

Félag	Verðþróun í vikunni
Mosaic Fashions	0,0%
Teymi	-0,4%
Össur	-0,9%
Hf. Eimskipafélagið	-1,3%
Kaupþing	-2,3%
Glitnir	-2,8%
Exista	-3,4%
Landsbankinn	-3,9%
Icelandair Group	-4,4%
FL Group	-4,7%
Bakkavör	-5,3%
Straumur-Burðarás	-6,1%
Atorka Group	-6,1%

vart Bandaríkjadal í meira en þrjá mánuði í gær.

Hlutabréf á öðrum mörkuðum héldu áfram að lækka eftir miklar lækkanir á fimmtudaginn þegar helstu vísitölur heims féllu um 2-3 prósent. Tengist þetta ótta fjárfesta um minni aðgang að lánsfé og væntingum um hækkandi vexti. Uppgangur alþjóðlegra hlutabréfamarkaða hefur verið knúinn áfram af samrunum og yfirtökum fyrirtækja þar sem aðgangi að ódýru fjármagni hefur verið fyrir hendi.

Hér á landi fylgja lækkanirnar uppgjörum nokkurra stærstu fyrirtækjanna í Kauphöllinni. Uppgjör Kaupþings og Existu voru framar væntingum. Líklegt má telja að fjárfestar hafi grip- ið tækifærið og innleyst hagnað eftir miklar lækkanir á markaði það sem af er ári.

- eþa

Viðsnúningur hjá Skiptum

Hagnaður Skipta, móðurfélags Símans og tengdra félaga, nam rúmum 2,4 milljörðum króna á fyrri helmingi árs. Sala fyrirtækisins jókst um rétt tæpan þriðjung sé miðað við sama tímabil í fyrra.

Skipti töpuðu 6,4 milljörðum króna fyrstu sex mánuði ársins 2006. Fram kemur í tilkynningu að viðsnúningurinn skýrist að mestu leyti af gengisþróun. Hluti skulda Símans sé í erlendri mynt og hafi styrking krónunnar skilað félaginu tæplega tveggja milljarða króna hagnaði.

„Horfurnar í rekstri eru góðar fyrir seinni hluta þessa árs og undirbúningur fyrir skráningu Skipta á markað fyrir lok þessa árs stendur nú yfir,“ sagði Brynjólfur Bjarnason forstjóri.



BRYNJÓLFUR BJARNASON

Eik Banki á 7,7 milljarða inni

Sérfræðingar hjá Føroya Banka spá Eik Banka miklum hagnaði á árinu gangi hlutafélagáform SPRON eftir. Eik er stærsti stofnfjáreigandinn í SPRON með tæplega tíu prósentu hlut.

Føroya Banki býst við að hagnaður Eik fyrir skatta verði um einn milljarður danskra króna á árinu, jafnvirði ellefu milljarða króna, fari SPRON á markað. Hlutur Eik í SPRON er bókfærður á um 2,7 milljarða króna en markaðsverð hlutarins er 7,7 milljörðum meira.

Stjórnendur Eik búast við að hagnaður ársins fyrir skatta verði um 340 milljónir danskra króna, um 3,8 milljarðar króna, án uppfærslu eignarhluta í öðrum fjármálafyrirtækjum, á borð við SPRON.

- eþa

Stoðir taka Keops yfir

Fasteignafélagið Stoðir, sem er í eigu Baugs, hefur lagt fram bindandi yfirtökutilboð í danska fasteignafélagið Keops. Tilboðið hljóðar upp á tuttugu og fjórar danskar krónur á hlut, eða 19,231,39 nýja hluti í Stoðum á hvern hlut.

Stjórn Keops sendi í gær frá sér yfirlýsingu þar sem stjórnin mælti með að hluthafar tækju boði Stoða um greiðslu tuttugu og fjögurra danskra króna fyrir hvern hlut. Hins vegar taldi stjórnin sig ekki í aðstöðu til að mæla með tilboðinu um nýja hluti í Stoðum fyrir hvern hlut í Keops, vegna skorts á upplýsingum um starfsemi félagsins.

Fram kemur á vefsíðu danska viðskiptablaðsins Börsen að til standi að skrá Stoðir á markað í einhverri hinna norrænu OMX kauphalla innan tíu mánaða.

- jsk

Frá kr. 2.790.000

TUCSON SPORT

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS skriðvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 16" álfelgur
- Hiti í framsætum
- Hiti undir þurkublöðum
- Leðurstýri og leður á girnhúð
- Hraðastillir (Cruise Control)
- Loftkæling A/C
- Samlitur

TUCSON SPORT

Frá kr. 27.700 á mánuði*

Bill á mynd: Hyundai Tucson Sport

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

Hyundai hefur gæðin

Blisamningur n.v. 30% útborgun og mánaðarlegar greiðslur í 84 mánuði, sem eru háðar breytilegum vöxtum og gengi erlendra mynta. Gengiskarta 50% JPY / 50% CHF.

Auglýsingasími

512 5050



- Mest lesið

Um lækni, veiðimenn, ketti og kjölturakka

Í Dagbók **Práins Bertelssonar** er sagt frá lækni sem læknar. Enn fremur er rætt um veiðipjófnað, atvinnufrelsi lögmanna, vinnufrið og tungumálanám síamskatta. Loks er rætt um jarðarför, utanríkismál og pott sem gleymdist á eldavél.



KÆRA DAGBÓK Práinn Bertelsson skrifar

FÖSTUDAGUR, 20. JÚLÍ. Læknar sem lækna

Fór til lækni í dag og það hana að kíkja á öxlina á mér. Ég var orðinn viðþolslaus, gat ekki sofði fyrir verkjum og varla hreyft á mér vinstri handlegginn.

Það var ánægjulegt nýnæmi að koma til lækni sem gerði sér lítið



fyrir og læknaði mig í staðinn fyrir að senda mig heim með einhverjar pillur og biðja mig að taka það rólega og sjá hvort kvalirnar löguðust ekki.

Ekki svo að skilja að það sé sérstaklega skemmtilegt að fá sprautu í öxlina. Sprautan var rekin spannarlangt inn, undir viðbeinið, og þar var dælt út henni. Það var býsna óþægilegt á meðan verið var að sprauta lyfjagumsinu á áfangastað. Samt var læknirinn mjúkhentur og hitti á nákvæmlega rétta staðinn í fyrstu tilraun.

Þetta var alminlegur læknir sem læknaði mig í staðinn fyrir að senda mig heim með einhverjar pillur. Jóhanna heitir hún og er heimilislæknirinn minn.

Um þessar mundir berast þau skuggalegu tífinni manna á meðal að erlent verkafólk sem hingað er komið til að vinna langan vinnudag hafi komist upp á lag með að renna fyrir fisk í stopulur frítímum sínum. Nú hefur eitthvert stangveiðifélag látið þau boð út ganga að fólk eigi að taka ljósmyndir af grunsamlegu fólk sem er við veiðar einhvers staðar.

Stangveiðifélagið vill líka að vitni að meintum veiðipjófandi hringi í lögreglu og reyni að hindra för hinna meintu þjófa meðan þess er beðið að lögreglan mæti á staðinn.

Og ekki nóg með það heldur

vilja stangveiðimenn að óbreyttir borgarar beiti borgaralegri handtöku svo að sá grunaði gangi ekki réttvísinni úr greipum.

Þetta er sjálfstátt mikið hitamál en mér finnst dáið langt gengið að hvetja til borgaralegrar handtöku á fólk sem er að renna fyrir fisk án þess að bera veiðileyfið utan á sér. Nær þætti mér að mæla með borgaralegum handtökum á þeim sem standa ótrufllaðir af lögreglu fyrir verðsamráði og okri.

Lögmaður Goldfingers hlýtur að vera mesti grínari á landinu. Nú er hann búinn að lýsa því yfir að ný lög sem banna með öllu hvers konar einkasýningar á nektardansstöðum stríði gegn atvinnufrelsi. Hvers lags rugl er þetta í ósköpunum? Mundi það stríða gegn atvinnufrelsi lögmanna-ins ef honum væri bannað að selja aðgang að því að skoða rassinn á ungum stúlkum sem hann

læsti inni í bílskúrnum sínum? Eða atvinnufrelsi stúlkanna?

FÖSTUDAGUR, 20. JÚLÍ. Vinnufriður

Nú er Frú Sólveig komin á ættarslóðir sínar norður í Eyjafjörð með Andra og litlu Sól að heilsa

upp á frændgarð og vini. Það er óvenjukyrrlátt í húsinu. Svo rann það upp fyrir mér að svona kyrrð heitir öðru nafni vinnufriður.

SUNNUDAGUR, 22. JÚLÍ. Kattamál

Ekkert ónáði af neinu tagi hefur skert atvinnufrelsi mitt þessa helgi. Hér hefur verið vinnu-



hafði ég nýverið lent í því að heyrna mína eigin rödd af segulbandi í fyrsta sinn. Það var eins og að hlusta á kött breima. Baldvin og félagar hans í Þjóðleikhúsinu höfðu gullraddir. Öll þjóðin þekkti þessar raddir. Þegar þeir töluðu fékk ég kökk í hálsinn. Mér fannst íslenska fallett mál. Meira að segja falletta en amerískan sem ég heyrði talaða í bíómyndum.

Mér fannst eins og ég væri að kveðja leiðsögumann sem hefði fylgt mér langan veg og ekki skilið við mig fyrr en hann væri orðinn nokkuð viss um að ég og fleiri óvitar römbuðum á áfangastað.

Fyrir þá löngu leiðsögn er ég óendanlega þakklátur, bæði hinum gengna heiðursmanni Baldvini Halldórssyni og öðrum góðum mönnum sem hafa varðað mér þær leiðir sem ég hef reynt að feta í lífinu síðan ég gafst upp á að vera í blindinguleik við sjálfan mig.

MÍÐVIKUDAGUR, 25. JÚLÍ. Kjölturakkar í ráðuneyti

Meðan ég var að elda kvöldmatinn heyrði ég Ingibjörgu Sólrúna tala um Austurlandatúrinn sem hún sagði að væri nauðsynleg námsferð ef svo færi að Ísland fengi kosningu í öryggisráð Sameinuðu þjóðanna. Mikið var ég feginn þegar hún kvadd upp úr með að nauðsynlegt væri að skerða áhrif neitunarvalds í því ágæta ráði.

Mér fannst líka til þess koma að Ingibjörg virtist hafa lagt sig fram um að kynna sér lífskjör kvenna í þessari ferð sinni. Það fer ekki miklum sögum af högum kvenfólks fyrir botni Miðjarðarhafs. Samt eiga þessar konur syni sem eru ýmist hermenn, hryðjuverkamenn, synirnir eru í Ísraelsher, Al Fata og Hamas. Og öllum blæðir þegar þeir verða fyrir skoti eða sprengju.

Vonandi getur Ingibjörg Sólrún fyrir Íslands hönd lagt eitthvað gott til friðsamlegrar lausnar þeirra skelfilegu vandamála sem við er að etja í þessum heimsahluta.

Metnaður íslenska utanríkisráðuneytisins að komast í öryggisráð SP hefur ekkert með það að gera. Sá galti metnaður stafar einfaldlega af því að hið úttúta ráðuneyti leitir í örvæntingu að einhverju til að réttlæta fjáraustur í úrelta samkvæmisleiki og milljónirnar handa landlausum gervisendiherrum en þeir pólitísku kjölturakkar eru mun kostnaðarsamari gæludýr en hundurinn Lúkas. Hann gat þó bjargast í bísanum í þrjár vikur án þess að heimta flugmiða, heitar máltíðir og hanastél af skattgreiðendum – hvað þá hann hafi sagt bofs um að komast í öryggisráðið.

FIMMTUDAGUR, 26. JÚLÍ. Pottur gleymdist á eldavél

Stærstu fréttir þessara sólbjörtu sumardaga eru yfirleitt á borð við „Pottur gleymdist á eldavél“.

Fór með bílinn í viðgerð. Afgreiðslumaðurinn lofði að ég skyldi fá hann aftur fyrir kvöldið en hann lagði ekki í að horfa í augun á mér.

Frú Sólveig og börnin á heimleið.



MÁNUDAGUR, 23. JÚLÍ. Stórleikari kvaddur

Í dag fór ég í jarðarför Baldvins Halldórssonar leikara. Það var maður kvaddur og athöfnin var falleg og tilkomumikil. Séra Örn Bárður flytur svo áhrifamiklar ræður að maður hlakkar beinlínis til að láta hann sjá sig.

Ég á margar minningar um Baldvin sem leikara og þær minningar eru allar góðar.

Útvarpsleikritin voru fyrstu leikverkin sem náðu að hrífa mig og færa mér heim sanninn um dularfullan kraft góðrar leiklistar. Seinna sá ég hann á sviði. Þá

VÍN BÚÐ
lífum, lærum & njótum

GÓÐ ÞJÓNUSTA UM ALLT LAND

Við bjóðum viðskiptavini okkar velkomna í nýja vínbúð á Hellu. Þú getur lagt land undir fót í sumar og fengið sömu góðu þjónustuna hvar sem er á ferðalaginu!

Kynntu þér fróðlegan bækling um sumarvínin í verslunum okkar. Upplýsingar um afgreiðslutíma vínbúða má nálgast á vinbud.is.

www.vinbud.is

Nánari upplýsingar um útsöluvörur og útsöluverð eru á www.tekk.is

CARP eikarskilrúm
Útsöluverð: 23.100 kr. **30% AFSLÁTTUR**

CARP eikarbókahilla
Útsöluverð: 48.300 kr. **30% AFSLÁTTUR**

CARP eikarborðstofuborð og 6 Arjan leðurstólar
Útsöluverð: 77.400 kr. **40% AFSLÁTTUR**

PISA sófi * Áklæði
Útsöluverð:
4 sæti 59.200 kr.
3 sæti 49.600 kr. **60% AFSLÁTTUR**

WING hægindastóll
Leður * Litur: Svart
Útsöluverð: 44.500 kr. **50% AFSLÁTTUR**

CARP sófaborð * 140x70x45
Útsöluverð: 49.600 kr. **30% AFSLÁTTUR**

Mottur
ÖLL CARP HÚSGAGNALÍNA
MEÐ 30% AFSLÆTTI!

MANOR eikarskápur * 200X50X240
með glerhurðum
Útsöluverð: 142.500 kr. **50% AFSLÁTTUR**

HELSEINKI leðunsófi * Camellitur
Útsöluverð:
4ra sæta 89.500 kr.
3ja sæta 74.500 kr.
2,5 sæta 64.500 kr.
2ja sæta 57.500 kr.
Stóll 42.500 kr. **50% AFSLÁTTUR**

MANOR eikarhúsgagnalína
ÖLL LÍNA MEÐ 50% AFSLÆTTI. **50% AFSLÁTTUR**

MANOR eikarhlíðarborð
Útsöluverð: 32.500 kr. **50% AFSLÁTTUR**

MEDIA Sjónvarpshilla
- fyrir flatskjá
Útsöluverð: 22.500 kr. **70% AFSLÁTTUR**

ÚTSALAN ER HAFIN!

KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP Á FALLEGUM HÚSBÚNAÐI
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR

TEKK
COMPANY

BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

LÖNG HELGI! OPIÐ LAUGARDAG KL. 10 -18 OG SUNNUDAG KL.13-18

VERD HARUN

Á SUMARVÖRUM

allt að

50

AFSLÁTTUR

ÞETTA ER ALVÖRU
AFSLÁTTUR

30% afsláttur

8.918
12.740

Vnr.0291412
Girðingaeining
Salvia Espale,
1800x1800 mm.

20% afsláttur

19.920
24.000

Vnr.0291324
Girðingaeining
Arca Cedrus, 1800x1800 mm.

30% afsláttur

2.695
3.850

Vnr.0291440
Girðingaeining
Verbena Facade, 800x1800 mm.

16.740
27.500

40% afsláttur

Vnr. 49804023
Garðsett
Garðsett úr cedrus viði. Stóll, tveggja sæta stóll og borð (106x56 cm). Fæst í BYKO Breidd, Akureyri og Selfossi.

9.863
14.900

30% afsláttur

Vnr.0291492
Garðbekkur
Garðbekkur, þriggja sæta, gagnvarinn.

20% afsláttur

6.632
8.200

BOSCH
Vnr. 74897898
Grasklippur
BOSCH AGS grasklippur, 4,8V, 65 mínútna ending á rafhlöðum, 10 cm sláttubreidd. Hleðslutæki fylgir.

20% afsláttur

15.920
19.000

Partner
Vnr.53323042
Keðjusög
PARTNER keðjusög, 1,3KW.

10% afsláttur

17.910
19.000

Vnr. 53323000
Sláttuvél
PARTNER sláttuvél með fjörgengis Briggs & Stratton Classic mótör. Vélin er 3,5 hestöfl, sláttubreiddin er 51 cm.

20% afsláttur

3.992
4.900

Vnr. 74890004
Hekklippur
BOSCH AHS 4-16 hekkklippur, sverðlengd 42 cm, 390W.

25% afsláttur

668
850

Vnr.88098157/8
Útilegustóll
Útilegustóll, grænn eða blár.

1.390
1.950

30% afsláttur

Vnr. 88015950
Tjald
2ja manna tjald.

30% afsláttur
af öllum reiðhjólum!

15.330
21.000

26" fjallahjól

Vnr.49620212
Fjallahjól
26" fjallahjól með tveimur dempurum, 21-gíra, Shimano gírabúnaði, álfelgum, bretti og V-bremsum.

Jungle Gym

16.900
22.511

Vnr. 0291566-7
Róla
Timburleiktæki með tveimur rólum. Stærð: 220x240x240 cm. Leiktækið kemur ósamsett en með öllum fylgihlutum. Athugið að þessi leiktæki eru eingöngu ætluð fyrir einkalóðir. Verð miðast við að timburstærðir séu til á lager hverju sinni.

30% afsláttur

16.730
23.000

Vnr. 41616003
Garðborð
Sexhyrnt borð, Iron Wood viður, 1500x30 mm.



GÆÐI Á LÆGRA VERÐI

SIR KARL POPPER HEIMSPEKINGUR FÆDDIST ÁRIÐ 1902

„Þegar við hættum að leika spámenn erum við orðin okkar eigin gæfu smiðir.“

Sir Karl Popper var ensk-austurrískur heimsspekingur sem enbeitti sér mestmegnis að vísinda- og stjórnmálaspeki.



ÞETTA GERÐIST 28. JÚLÍ 1866

Listakonan Beatrix Potter fæðist

Rithöfundurinn Beatrix Potter fæddist ríku foreldrum í Kensington í London árið 1866. Hún var með einkakennara alla sína æsku en bróðir hennar var sendur í heimavistarskóla. Því hitti Beatrix sjaldan önnur börn. Foreldrar Beatrix voru henni heldur ekki nánir og því voru dýrin hennar bestu leikfélagar.

Hún átti ýmis dýr eins og froska og kanínur og meira að segja leðurblöku. Hún byrjaði snemma að teikna dýrin sín og semja litlar sögur. Hún hafði greinilega hæfileika frá unga aldri en foreldrar hennar gerðu mjög lítið úr þeim hæfileikum og skikkuðu hana til heim-



ilisstarfa til að sporna við ríttörfum Beatrix sem þeim þóttu ekki hæfa konu.

Beatrix var mikið náttúrubarn en var neitað um inngöngu í konunglega garðyrkjuskólann vegna þess að hún var kona. Hún var því sjálfærður grasafræðingur. Hún fékk gefna út fyrstu bókina sína, Pétur kanína, sem hún samdi og myndskreytti árið 1902, þegar hún var 36 ára gömul. Hún gaf út tuttugu og þrjár bækur á ferlinum. Í fyrra kom út myndin Miss Potter um ævi Beatrix Potter þar sem Renée Zellweger er í aðalhlutverki ásamt Ewan McGregor.

MERKISATBURÐIR

- 1662 Kópavogsfundurinn.
1741 Ítalska tónskáldið Antonio Vivaldi deyr (f. 1678).
1750 Þýska tónskáldið Johann Sebastian Bach deyr (f. 1685).
1895 Brú yfir Þjórsá við Þjótanda vígð að viðstöddu fjölmenni. Brúin var notuð í rúmlega hálfa öld.
1957 Hallgrímskirkja í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd vígð.
1960 Norðurlandaráð heldur þing í fyrsta sinn á Íslandi. Ráðið var stofnað árið 1952.
1974 Þjóðhátíð til minningar um ellefu alda byggð á Íslandi var haldin á Þingvöllum.
1985 Íslandsmet er sett í fallhlífarstökki á Akureyri.

tímamót

timamot@frettabladid.is



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Sigrún Blöndal

andaðist föstudaginn 20. júlí á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni í Reykjavík. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir eru færðar starfsfólki Sóltúns á annarri hæð deild D fyrir frábæra umönnun og hjúkrun.

Hannes Blöndal
Guðrún Blöndal
Axel Blöndal
Hannes Blöndal
Sigrún Erla Blöndal
Axel Blöndal Hauksson
Laufey Hauksdóttir
Sigrún Hauksdóttir
og langömmubörn.

Ester Kaldalóns
Haukur Þorsteinsson
Sóley Hjartardóttir
Sigríður Guðmundsdóttir
Porkell Máni Gunnarsson

Baldvin Valdimarsson
Baldur Þór Gunnarsson



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Skirnir Jónsson

bóndi á Skarði í Dalsmynni,

andaðist á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri mánudaginn 23. júlí. Útförin fer fram frá Laufáskirkju fimmtudaginn 2. ágúst kl. 14.00.

Hjördís Sigurbjörnsdóttir
Sigurbjörn Ingi Skirnisson
Jón Bragi Skirnisson

Kristín Tryggvadóttir
Sigurbjörg Helga Pétursdóttir

Jóhann Skirnisson

Freydís Ágústa
Halldórsdóttir

Bessi Skirnisson

Eiríksína Þorsteinsdóttir

Hannes Trausti Skirnisson
Skafti Skirnisson

Katrín Eymundsdóttir
Kristbjörg Lilja Jóhannesdóttir

Sigrún Skirnisdóttir

Viðir Ársælsson

Sigurlaug Skirnisdóttir

Kjartan Guðmundsson

Guðrún Elfa Skirnisdóttir

Magnús Þór Helgason

Hjördís Sunna Skirnisdóttir

Anna Birna Sæmundsdóttir

Brynjólfur Gunnarsson

Anna Birna Sæmundsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir og afi,

Jónas Jónsson

frá Yztafelli,

sem lést 24. júlí á Landspítala - háskólasjúkrahúsi, verður jarðsunninn frá Digranesarkirkju þriðjudaginn 31. júlí klukkan 15.00.

Sigurveig Erlingsdóttir
Sigrún Jónasdóttir
Helga Jónasdóttir
Jón Erlingur Jónasson
Úlfhildur Jónasdóttir
og barnabörn.

Björn Jóhannessen
Tómas Þór Tómasson
Védis Jónsdóttir
Þorsteinn Karlsson

Auglýsingar sendist á
auglysingar@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5000.



STEFÁN FRÁ HVÍTADAL Ingunn Ásdísardóttir flytur ljóð Stefáns, Þóra Sigurðardóttir er í forsvari ásamt Sumarliða Ísleifssyni sem vantar á myndina og Silja Aðalsteinsdóttir fjallar um verk skáldsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

STEFÁN FRÁ HVÍTADAL: 120 ÁR FRÁ FÆÐINGU SKÁLDSINS

Ljóðin, lífið og listamaðurinn

Í dag fer fram hátíðadagskrá að bænum Nýp á Skarðsströnd í tilefni 120 ára fæðingaráfmælis skáldsins Stefáns Sigurðssonar frá Hvítadal. Það eru hjónin Sumarliði R. Ísleifsson sagnfræðingur og Þóra Sigurðardóttir myndlistarkona sem eru í forsvari fyrir dagskrána.

Stefán, sem jafnan kenndi sig við Hvítadal, fæddist á Hólmavík við Steingrímsfjörð en dvaldist lengi hjá ættingjum í Hvítadal í Dalasýslu. Hann fór ungur til Reykjavíkur, þar sem hann vann við ýmis störf.

Stefán var í nokkurri óreglu og sökum veikinda varð að taka af honum annan fótinn fyrir ofan ökklið. Markaði sá atburður líf hans mikið og takmarkaði að einhverju leyti möguleika hans á vinnumarkaðinum.

Þó ferðaðist hann til Noregs og vann þar þangað til hann sneri aftur til Íslands árið 1915 og gerðist bóndi að Bessatungu í Saurbæ.

Stefán lét eftir sig gnótt ljóða og eitt það frægasta er sennilega Erla, góða Erla.

Sumarliði og Þóra hafa um nokkurra ára skeið haft vinnuástöðu að bænum Nýp á Skarðsströnd. Þar halda þau ýmsar vinnusmiðjur og fyrirlestra sem tengjast myndlist og sagnfræði.

„Við vorum með fyrirlestra um ævisögur og ævisagnaritun á Skarðsströnd og við Breiðafjörð í fyrra. Þar kviknaði hugmyndin að þessari hátíðardagskrá um Stefán frá Hvítadal,“ segir Þóra Sigurðardóttir myndlistarkona, en í fyrrasumar stóð hún meðal annars fyrir myndlistarmíðju barna á Vesturlandi og bauð til sín íslenskum erlendum leirkerasmiðum á Nýp.

Sumarliði og Þóra hafa fengið til liðs við sig Silju Aðalsteinsdóttur bókmenntafræðing, sem mun fjalla um skáldskap Stefáns. Silja hefur ritað mikið um Stefán, meðal annars í íslenskri bókmenntasögu.

Ingunn Ásdísardóttir, þjóðfræðingur og leikstjóri, mun síðan lesa úr verkum Stefáns og flétta saman við fyrirlestur Silju. Andrea Harðardóttir sagnfræðingur mun fjalla um líf Stefáns.

Reykjavíkurakademían og Penna sf. standa að dagskránni, sem er styrkt af Menningarsjóði Vesturlands, Minningarsjóði Margrétar Björgólfsdóttur og Bílabúð Benna.

Dagskráin hefst klukkan 15 og stendur yfir í tvær klukkustundir. Líttar veitingar verða í boði að lokinni dagskrá.

Bærinn Nýp á Skarðsströnd er um 10 km leið frá Skarði og einnig 10 km frá aðalleiðinni á Vestfirði og er beygt út á Skarðsströnd við verslunina Skriðuland, skömmu áður en kemur að Gilsfjarðarbrú ef komið er sunnan frá. Sumarliði R. Ísleifsson veitir nánari upplýsingar í síma 891-8674.

rh@frettabladid.is



Ástkær sonur okkar, bróðir, mágur og frændi,

Andri Ragnarsson

Hátúni 7, Reykjavík,

lést á gjörgæslu Landspítalans við Hringbraut sunnudaginn 22. júlí. Útför fer fram þriðjudaginn 31. júlí frá Háteigskirkju kl. 11.00.

Guðrún Gunnarsdóttir
Ragnar Höskuldsson
Hvutti
Aníta Ragnarsdóttir
Ragnar Haraldsson
Guðrún Lára Sveinsdóttir
Lára Rún Ragnarsdóttir

www.minningargreinar.is



Elskuleg kona mín, móðir okkar og tengdamóðir,

Guðrún Magdalena Birnir

Álfheimum 54,

lést á heimili sínu 26. júlí.

Elí Auðunsson
Þórunn Elidóttir
Jórunn Elidóttir
Björn Elíson
Auðunn Elíson
Bryndís Malla Elidóttir
Helga Elidóttir

Hörður Kjartansson

Bára Traustadóttir
Valgerður Þórðardóttir

Fjalur Jörundsson

Tilboð á stafrænni framköllun:

Hundrað myndir á 2500 krónur!



Ekki gleyma að sækja!

Tilboðið gildir út ágúst 2007.
Kr. 25 myndin óháð magni.

Frábært tilboð!

Kodak EasyShare

C653

6.1 megapixlar ásamt

512mb minniskorti

á **kr. 15.900**

Takmarkað upplag!



HANS PETERSEN



SIGURÐUR GUÐMUNDSSON OG ÞRÍR MALAVÍSKIR DRENGIR Landlæknir með þremur malavískum drengjum. „Þegar maður kemur í þorpin í Malaví þyrpast börnin að manni. Það er ósköp gott að tylla sér niður og spjalla við þau þótt ég skilji þau ekki.“

Glíma við skort og sjúkdóma

Sigurður Guðmundsson landlæknir og eiginkona hans **Sigríður Snæbjörnsdóttir** hafa starfað hjá Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) í Malaví frá því í október í fyrra. Starf þeirra felst í að byggja upp spítala sem þjónar rúmlega hundrað þúsund manns. Ýmislegt hefur drifið á daga þeirra í Malaví frá því þau komu til landsins, meðal annars vopnað rán heima hjá íslenskum samstarfsmanni þeirra. **Ingi F. Vilhjálmsson** ræddi við Sigurð um dvölinna í Malaví.

„Þessi árás hafði mikil áhrif á líf okkar hér því hún var mjög hrikaleg og harkaleg,“ segir Sigurður Guðmundsson, landlæknir og Malavífarí. Í maí síðastliðnum brutust vopnaðir ræningjar inn til samstarfsmanns þeirra, Ársæls Kristófers Ársælssonar, sem býr um 200 metra frá húsi Sigurðar og Sigríðar í þorpinu Chirombo við Apaflóa í Malaví. Ræningjarnir bundu hann og kefluðu og stálu um einni milljón króna í peningum, raftækjum og rauðvínsbirgðum Ársæls. „Ræningjarnir voru vopnaðir byssum og sveðjum. Þeir réðust á öryggisverðina sem vöktuðu hús Ársæls, bundu þá og kefluðu og læstu inni á klósetti. Eftir það fóru þeir inn í svefnherbergi Ársæls og hótuðu honum með byssu. Þeir höfðu ekki hulið andlit sín og hélt Ársæll að þeir myndu skjóta hann svo að hann gæti ekki borið kennsl á þá aftur. Í staðinn bundu þeir hann líka og kefluðu og læstu hann inni. Öryggisverðirnir náðu að kalla á hjálp og var búið að leysa þá alla þrjá eftir um klukkustund,“ segir Sigurður.

„En þetta hörmulega rán breyttist í tragíkomeđu því þegar löggætt var látin vita það hún um að hún yrði sótt því hún á ekki bíl. Þegar lögreglumennirnir komu á staðinn þurfti að lána þeim blað og blýant svo þeir gætu tekið skýrslu af fórnarlömbunum. Tveimur tímum eftir ráníð það löggætt hljótt um far svo að þeir gætu sett upp vegar-tálma í nágrenninu. Svo þegar rannsóknarlögreglan kom daginn eftir, þurfti auðvitað að taka myndir. Þeir áttu hins vegar enga myndavél og var ég því dubbaður upp sem löggjóljósmyndari. Lögreglumennirnir báru sig voðalega vel og sögðust ætla að ná ræningjunum en það hefur ekki gerst enn því þeir voru örugglega komnir úr landi þegar rannsóknin hófst, og lifa nú kannski í vellystingum á kostnað stofnunarinnar í Mósambík eða Suður-Afríku,“ segir Sigurður og bætir því við að slík rán séu ekki algeng í Malaví sem sé frekar friðsælt land.

Skortur og slæmir innviðir

Sigurður segir að þessi dæmi séu lýsandi fyrir þann almenna skort sem einkenni lífið í Malaví. „Skorturinn hérna er mjög áberandi. Stundum kemur hann upp á broslagan hátt eins og í þessum dæmum

en almennt séð þá er hann grafalvarlegt mál, skortur á heilbrigðisstarfsfólki, lyfjum, menntuðu fólki, samgöngutækjum, höfnum og fleira og fleira,“ segir Sigurður.

Hann segir að atvinnuleysi í landinu sé um áttatíu prósent og að um 70 prósent af því sem komi inn í ríkiskassann sé fjármagn frá öðrum löndum. „Skatttekja í Malaví er því eftir þessu.“

Sigurður segir að ein af afleiðingum þessa skorts sé að innviðir samfélagsins séu afar slæmir og því sé erfitt að halda úti grunnþjónustu á sviði heilbrigðismála, og að einn hjúkrunarfræðingur sé fyrir hverja fjórtíu þúsund íbúa og einn læknir fyrir hverja sextíu þúsund. „Á spítalanum okkar er til dæmis helmingi færri starfsfólk en á að vera samkvæmt malavískum kröfum, sem ekki eru mjög háar,“ segir Sigurður.

Eitt barn deyr á dag

Ein af afleiðingum þessa mikla skorts er að ekki er hægt að veita fólki þá þjónustu sem það þarf. „Hér deyr fólk úr malaríu og heilahimnubólgu, sjúkdómum sem hægt er að meðhöndla, en við getum það ekki því okkur skortir aðstöðu til þess. Malaría hrjár til dæmis tuttugu til þrjátíu prósent af fólkinu og eitt barn deyr á meðaltali á dag úr sjúkdómnum hér á spítalanum hjá okkur. Svo man ég eftir barni sem dó úr heilahimnubólgu í nóvember eftir að hafa verið veikt heima hjá sér í viku áður en það fékk lækninga.“

„Það er sláandi að hér í Malaví eru lífslíkur undir 40 árum og eru dauðsföll vegna smitsjúkdóma eða barnsfæðinga allt of algeng. Með öðrum orðum, dauðsföll sem vel er hægt að koma í veg fyrir. Það er mjög erfitt að horfa upp á þetta og geta ekki gert meira til þess að hjálpa fólkinu,“ segir Sigurður.

Sigurður segir að þau séu að reyna að efla þjónustuna við spítalann á margs konar hátt, til dæmis að koma upp röntgendeild, skurdstofu og göngudeild fyrir HIV-smitaða, bjóða upp á tannþjónustu og að byggja eldhús svo hægt sé að bjóða fólki sem liggur á spítalanum upp á mat.

Hann segist horfa öðrum augum á vandamálin á Íslandi eftir að hafa dvalið í Malaví. „Hér erum við að glíma við vandamál sem

HARRY POTTER 5 - KL. 1 OG 2 Í ALFABAKKA, 2:30 Í KRINGLUNNI OG KL. 2 Á AKUREYRI

SHREK 3 MEÐ ÍSLENSKU TALI KL. 1 OG 2 Í ALFABAKKA, OG KL. 2 Í KRINGLUNNI, AKUREYRI OG KEFLAVÍK

EVAN ALMIGHTY KL. 2 OG 4 Í ALFABAKKA

Nýtt í bíó LAUGARÁS BÍÓ SÍMI: 553 2075 - bara lúxus

MOVIE

450 kr. í bíó! Glíðir á allar sýningar merktar með rauðu

SIMPSONS enskt tal kl. 2, 4, 6, 8 og 10	L
SIMPSONS íslenskt tal kl. 2, 4 og 6	L
DEATH PROOF kl. 7:30 og 10	16
1408 kl. 8 og 10	16
SHREK 3 íslenskt tal kl. 2, 4 og 5,45	L

www.laugarasbio.is - Miðasala á midí.is

SÍMI: 553 2075 - bara lúxus

Ódýrt í bíó

ATH. SÝND KL. 2

450 kr. á fyrstu sýningar dagsins

Rowling með tvær nýjar bækur

J.K. Rowling, höfundur bókanna um galdratrákinn Harry Potter, er strax byrjuð að vinna að tveimur nýjum bókum, aðeins nokkrum dögum eftir að síðasta Harry Potter-bókin kom út.

Hún segist vera leið yfir því að serían um Harry Potter sé komin að lejarlokum en ætlar þó ekki að leggja árar í bát. „Ég er að skrifa tvær bækur í augnablikinu,“ sagði Rowling. „Önnur er fyrir börn en hin ekki.“

Rowling, sem er 41 árs, býst við því að hætta við aðra söguna, rétt eins og gerðist þegar hún byrjaði að skrifa fyrstu bókina um Potter. „Hið skrítna er að það nákvæmlega sama gerðist þegar ég byrjaði að skrifa um Harry. Ég var að semja tvær bækur á sama tíma í heilt ár áður en Harry tók völdin.“

Alls hafa um 325 milljónir eintaka selst af fyrstu sex Harry Potter-bókunum um heim allan. Seldist nýja bókin í ellefu milljónum eintaka fyrsta sólarhringinn eftir að hún kom út. Hafa bækurnar verið þýddar yfir á 64 tungumál.



J.K. ROWLING Höfundur Harry Potter er með tvær nýjar bækur í smíðum.

Spagettí í Feneyjum

32 spagettívestrar verða sýndir á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum í lok ágúst. Leikstjórinn Quentin Tarantino, sem er mikill aðdáandi slíkra vestra, hefur umsjón með sýningunum. Hefur Tarantino lofað því að margir af lítt þekktum leikstjórum spagettívestranna í gegnum árin fái loksins þá athygli sem þeir eiga skilið.

Myndir eftir Ken Loach, Kenneth Branagh og Wes Anderson verða í baráttunni um mikilvægustu verðlaun hátíðarinnar, Gullna ljónið. Opunarmyndin verður Atonement með Keiru Knightley í aðalhlutverki.

QUENTIN TARANTINO Hefur umsjón með sýningum á 32 spagettívestrum á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum í lok ágúst.



FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikaraparið **Liev Schreiber** og **Naomi Watts** hefur eignast sitt fyrsta barn, viku fyrir tímamann. Watts, sem er 38 ára, eignaðist litla drenginn á sjúkrahúsi í Los Angeles með Schreiber sér við hlið. „Þau eru alveg í skjýjunum,“ segir talsmaður parsins. Hefur drengurinn fengið nafnið Alexander Pete Schreiber.



Karlmaður hefur verið handtekinn fyrir að hafa reynt að selja stólnar ljósmyndir úr brúðkaupi **Tom Cruise** og **Katie Holmes**. Samkvæmt lögfræðingi Cruise reyndi maðurinn að selja leikaranum myndirnar fyrir um sextíu milljónir króna. Eftir að bandaríska alríkislögreglan, FBI,



komst í málið var maðurinn handtekinn. Auk myndanna úr brúðkaupinu hefur hann undanfarið reynt að selja dagbækur **Paris Hilton**, auk ljósmynda af henni og fleiri muna sem voru skildir eftir í geymslu í Los Angeles.

Vinurinn fyrrverandi **Jennifer Aniston** er hætt með bresku fyrirsætunni **Paul Sculfor** eftir tveggja mánaða ástarsamband. Leikkonan sást fyrst með Sculfor í maí og hermdu fregnir að hann hefði flutt inn til hennar í Beverly Hills í júní. Ástæðan fyrir sambandslitunum er talin sú að þau hafa bæði mikið að gera auk þess sem Aniston vildi ólm stofna fjölskyldu en Sculfor ekki.



Söngkonan **Beyoncé Knowles** er búin að jafna sig á klaufalegu falli sínu í stíga á tónleikum í Flórída. Svo virðist sem hún hafi flækt síðkjól sinn í háhæluðum skónum. „Það er ekkert mál að dansa í háum hælum en það er erfitt að dansa og syngja á sama tíma. Ég verð alltaf að vera í góðu formi og er búin að drekka mikið vatn. Ég vil ekki keyra mig út,“ sagði Beyoncé. Myndband af atvikinu var birt á netinu þrátt fyrir óskir Beyoncé um að það yrði ekki gert.



Ert þú Simpsons?



Komdu í BT Smáralind alla daga milli 16-19 og láttu taka ókeypis mynd af þér í Simpsons sófanum og þú átt möguleika á glæsilegum vinningum m.a. Simpsons boli, bíómiða á nýju Simpsons myndina, Simpsons á DVD, miða í tívolí ofl.*

Einnig minnum við á Simpsons tilboðið í öllum BT verslunum:



DVD
3.999
Hver þáttaröð



*ATH: Vinningshafar dregnir út 1. ágúst

> 81. Meistaramótið um helgina

Meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum fer fram í 81. sinn á Sauðárkróksvelli um helgina. Mjög góð þátttaka er í mótinu en 180 keppendur eru skráðir til leiks, þar af eru Íslandsmeistarar frá því í fyrra skráðir til keppni í 26 greinum af 33. Mótið er fjölmennara en það hefur verið síðustu tvö ár og því spennandi og skemmtilega keppni fyrir norðan. Allt besta frjálsíþróttafólk landsins tekur þátt í mótinu, að undanskilinni Þóreyju Eddu Elisdóttur FH, sem er meidd, og Sigurbirni Árna Arngrímsyni HSP, sem er búsettur í Bandaríkjunum.

sport
sport@frettabladid.is



FRAM OG VALUR Í VIÐRÆÐUM: VALSMENN VILJA SIGFÚS PÁL SIGFÚSSON OG FRAMARAR ELVAR FRÍDRÍKSSON

Framarar og Valmenn karpa um Sigfús

Handboltamaðurinn Sigfús Páll Sigfússon hefur áhuga á því að skipta yfir úr Fram til Íslandsmeistara Vals samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins. Fram og Valur hafa átt í viðræðum um kaupin undanfarið en lítið virðist þokast í þeim málum.

Handknattleiksdeild Fram hefur ekki fengið svar við endurnýjuðu tilboði sínu í Elvar Fríðriksson, leikmann Vals, sem hljóðar upp á hátt í tvær milljónir króna. Jón Eggert Hallsson, formaður handknattleiksdeildar Fram, sagði þetta við Fréttablaðið í gær og sagði jafnframt að tilboð Vals í Sigfús væri um þriðjungur af tilboði Fram í Elvar, líklega um 600 þúsund krónur.

Framarar gáfu Valsmönnum frest til að koma með nýtt tilboð fyrir klukkan tólf á hádegis í gær, ellegar myndu þeir ekki taka áhuga Vals á Sigfúsi alvarlega. Það tilboð

kom ekki en líklegt er að Valsmenn reyni áfram að krækja í Sigfús sem var valinn efnilegasti leikmaður Íslandsmótsins árið 2006 sem og besti sóknarmaðurinn.

Valsmenn hafa ekki áhuga á því að selja Elvar og leikmaðurinn sjálfur segir að honum líði vel hjá Val. „Ég er uppalinn hjá félaginu og mér líður mjög vel hérna. Ég er ekkert á þeim buxunum að færa mig um set þrátt fyrir að Fram sé eflaust finasti klúbbur og ég hafi ekkert út á hann að setja. Það eru spennandi tímar fram undan hjá okkur,“ sagði Elvar.

Sigfús myndi hjá Val meðal annars hitta fyrir sinn gamla þjálfara, Heimi Ríkharðsson. Ekki náðist í Sigfús í gær vegna málsins.

Jón Eggert sagði jafnframt að þeir leikmenn kæmu á reynslu til Fram í næstu viku, en þeir væru allir hugsaðir sem mögulegir arftakar Valdímars Þórssonar. Að öllum líkindum verður gengið frá félagaskiptum hans til Malmö um helgina. Fram mun þó aðeins semja við einn af þessum erlendu leikmönnum, að sögn Jóns. Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals vildi ekkert láta hafa eftir sér um málið.



ANNAR DAGUR

Meistaraflokkur karla:

Björgvin Sigurbergsson, GK	138 (-4)
Örn Ævar Hjartarson, GS	141 (-1)
Ólafur Már Sigurðsson, GK	144 (+2)
Birgir Leifur Hafþórsson, GK	144 (+2)
Heiðar Davíð Bragason, GK	144 (+2)
Hlynur Geir Hjartarson, GK	144 (+2)
Davíð Már Vilhjálmsson, GK	145 (+3)
Kristján Þór Einarsson, GK	146 (+4)
Ottó Sigurðsson, GK	146 (+4)
Davíð Jónsson, GS	148 (+6)
Ólafur Hreinn Jóhannes, GS	148 (+6)
Pétur Freyr Pétursson, GR	148 (+6)
Helgi Runólfsson, GK	149 (+7)
Brynjólfur E. Sigmarsson, GK	149 (+7)
Haukur Jónsson, GK	149 (+7)
Sigurpáll Geir Sveinsson, GK	149 (+7)
Órlygur Helgi Grímsson, GV	149 (+7)

Brynjólfur Einarsson úr GK lók manna best í gær en hann fór holurnar 18 á 69 höggum eða tveimur höggum undir pari.

Meistaraflokkur kvenna:

Nína Björk Geirsdóttir, GK	148 (+6)
Ragnhildur Sigurðardóttir, GR	151 (+9)
Tinna Jóhannsdóttir, GK	154 (+12)
Valdís Þóra Jónsdóttir, GL	154 (+12)
Hanna Lilja Sigurðardóttir, GR	155 (+13)
Ragna Björk Ólafsdóttir, GK	156 (+14)
Helena Árnadóttir, GR	157 (+15)
Anna Jódís Sigurbergsdóttir, GK	157 (+15)
Heiða Guðnadóttir, GS	157 (+15)



NÓG AÐ GERA Tryggvi Guðmundsson og félagar hans í FH spila þétt þessa dagana.

FH mætir Keflavík í dag:

Nú leikir FH á fimm vikum

FÓTBOLTI Það er nóg að gera hjá Íslandsmeisturum FH í knattspyrnu. Hafnfirðingar taka í dag á móti Keflavík í lokaleik 11. umferðar Landsbankadeildar karla í miðri annatið.

Frá 10. júlí til 16. ágúst spilar FH alls níu leiki, að meðaltali einn leik á fjórum dögum. Þar af eru tveir leikir í VISA-bikarnum, fjórir leikir í Meistaradeild Evrópu og þrjár leikir í Landsbankadeildinni. FH hefur spilað fjóra af þessum leikjum, unnið tvo og gert tvö jafntefli.

Landsbankadeild karla:

Leiðrétting

FÓTBOLTI Í Fréttablaðinu í gær var missagt að aðstoðardómari í leik ÍA og HK hefði bedist afsökunar á röngum dómi í þriðja marki ÍA. Það er ekki rétt, afsökunarbeiðnin tengdist öðru atviki. Bedist er velvirðingar á þessu.

Björgvin og Nína með góða forystu

Björgvin Sigurbergsson úr Keili og Nína Björk Geirsdóttir úr Kili eru í góðri stöðu eftir annan daginn á Íslandsmótinu í golfi sem fram fer á Hvaleyrarvelli í Hafnarfirði. Birgir Leifur Hafþórsson var í vandræðum.

GOLF Keilismaðurinn og heimamaðurinn Björgvin Sigurbergsson er í frábærri stöðu í meistaraflokki karla þegar keppni er hálfnuð á Íslandsmótinu í golfi.

Björgvin er sá eini sem hefur leikið undir pari á báðum dögum og er því kominn með þriggja högga forustu á Örn Ævar Hjartarson sem lék eins og hann á þremur höggum undir pari á fyrsta degi. Sá þriðji sem var á toppnum eftir fyrsta dag, Jóhannes Kristján Ármannsson úr GB, átti hins vegar skelfilegan dag þar sem hann fékk 8 skolla og 3 skramba og lék á 17 höggum fleira en fyrsta daginn.

„Þetta var mjög gott og ég spilaði bara mjög vel. Ég fékk fugl á síðustu holuna og náði því að klára undir pari og það var það sem mig dreyndi um. Ég ætla að reyna að hanga upp toppinn og reyna að stríða þessum strákum. Þetta eru þrjú högg og þau eru jafnfljót að fara eins og þau eru að koma. Ég verð bara að einbeita mér að því sem ég er að gera en þetta lítur vel út ef ég held áfram að slá og þúta svona vel,“ sagði Björgvin Sigurbergsson sem hefur parað 24 af 36 fyrstu holunum á mótinu.

Örn Ævar lék ekki eins vel og fyrsta daginn en var engu að síður sáttur. „Þetta var erfitt í dag. Það var meiri vindur en var í gær og þegar vindurinn blæs og sólin skín þá verða flatirnar gífurlega erfiðar. Það sýndi sig hjá mér því ég var í svolitlum vandræðum á flötunum. Yfirhöfuð þá var þetta rosalega góður hringur. Ég er að spila vel og vonandi næ ég að halda því áfram. Ég er mjög sáttur við stöðuna,“ sagði Örn Ævar Hjartarson.



AÐ SPILA VEL Björgvin Sigurbergsson og Nína Björk Geirsdóttir (litla myndin) eru bæði með þriggja högga forystu.

Birgir Leifur Hafþórsson var hins vegar í nokkrum vandræðum í gær og lék hringinn á 75 höggum eða fjórum höggum yfir pari. Birgir Leifur er því sex höggum á eftir Björgvini en er ekkert búinn að afskrifa neitt.

„Þetta var ekki gott, ég var að ströggla og fann mig ekki í vindinum. Slátturinn var ekki nógu góður hjá mér þannig að ég setti mig ekki í nógu mörg færi. Mér leið ekkert rosalega vel yfir boltanum og var að sveifla illa. Þetta var

samt enginn stór skandall. Þetta er bara hálfnað og nóg af golfi eftir. Maður þarf ekki nema að detta í smá stuð eins og í seinni hlutanum í gær og þá er maður aftur kominn í girinn. Þetta er bara rétt að byrja,“ sagði Birgir Leifur Hafþórsson.

Alls 79 karlgolfarar komust áfram í gegnum niðurskurðinn en hann var miðaður við þá sem léku á 16 höggum yfir pari og betur. Þeir fá að leika síðustu tvo hringina. Í kvennaflokki komust 18 efstu áfram og miðaðist niðurskurðurinn við þær sem léku á 30 höggum yfir pari eða betur.

Nína Björk Geirsdóttir er efst í kvennaflokki á sex höggum yfir pari en Ragnhildur Sigurðardóttir er aðeins þremur höggum á eftir henni. Nína Björk spilaði völlinn á einu yfir pari í gær en hún fékk þrjá fugla á fyrri níu holunum en fjóra skolla á síðari níu. Ragnhildur spilaði á 75 höggum en þeim næst standa Tinna Jóhannsdóttir og Valdís Þóra Jónsdóttir á tólf höggum yfir pari.

„Þetta gekk þokkalega hjá mér og ég er nokkuð sátt, ég var að slá vel og leikskipulagið gekk upp að mestu leyti. Það gekk vel í Hrauninu þar sem ég spilaði á þremur undir og þúttin voru að detta ágætlega,“ sagði Nína við Fréttablaðið í gær. Hlutirnir eru fljótir að breytast í golfinu og hvort mótið snerist upp í einvígi við Ragnhildi var Nína ómyrk í máli. „Það er aldrei að vita ef maður heldur áfram að spila eins og maður,“ sagði Nína brosmild um leið og hún bætti við að völlurinn hefði verið frábær og aðstæður allar eins og best var á kosið.

Ragnhildur Sigurðardóttir úr GR er vön því að koma sterk inn á síðustu tveimur dögum og var sem dæmi um það ekki í efsta sæti eftir tvo hringi þegar hún vann Íslandsmeistararitla sína 2003 og 2005.

ooj@frettabladid.is

KR og Valur eru áfram efst og jöfn í Landsbankadeild kvenna en Blikar tóku 3. sætið af Keflavíkurkonum:

KR-konur léku sér að Keflavíkurstúlkum

FÓTBOLTI KR-konur áttu í litlum vandræðum með Keflavíkurstúlkur þegar þær unnu þær 5-0 í Landsbankadeild kvenna í gær en Keflavík. KR-liðið fór illa með fjölda dauðafæri og voru gestirnir í raun heppnir að sleppa burt með aðeins fimm mörk á bakinu.

Olga Færseth átti mjög góðan leik fyrir KR, skoraði þrennu og lagði upp önnur tvö fyrir þær Fjólu Dröfn Friðisdóttur og Hólmlfríði Magnúsdóttur. Olga skoraði fyrsta markið eftir aðeins sex mínútna leik þegar hún skoraði eftir laglegan undirbúning Hólmlfríðar og kom síðan KR í 2-0 með marki úr viti eftir 29. mínútna leik. Fjóla og Hólmlfríður skoruðu síðan tvö mörk með fjögurra mínútna millibili í upphafi seinni hálfleiks. Olga innsiglaði



OLGU FAGNAD Olga Færseth kom að öllum 5 mörkum KR í gær.

sigurinn síðan í lokin eftir laglegan undirbúning Emblu Grétarsdóttur sem lék þarna sinn 200. leik fyrir KR.

Valur hélt samt toppsætinu á betri markatölu en KR með því að vinna 5-0 sigur á Þór/KA fyrir

norðan. Katrín Jónsdóttir og Margrét Lára Viðarsdóttir skoruðu báðar tvö mörk og Nína Ósk Kristinsdóttir skoraði það fimmta.

Það hjá Keflavík þýddi að Breiðablik náði 3. sætinu með 4-0 sigri á Fylki í Árbænum.

Stjarnan byrjar vel undir stjórn nýja þjálfarans Huga Halldórs-sonar og vann 4-2 sigur á ÍR. Kimberley Dixon skoraði tvö markanna en hin gerðu Helga Sjöfn Jóhannsdóttir og Björk Gunnarsdóttir.

STAÐAN

Landsbankadeild kvenna

Valur	8	7	1	0	31-4	22
KR	8	7	1	0	29-8	22
Breiðablik	8	4	1	3	15-16	13
Keflavík	8	4	0	4	20-15	12
Stjarnan	8	3	3	2	15-14	12
Fjölnir	8	3	2	3	8-9	11
ÍR	8	1	1	6	12-31	4
Fylkir	8	0	3	5	9-19	3
Þór/KA	8	1	0	7	6-29	3

OPNUM BÆTTA SONY CENTER VERSLUN Í KRINGLUNNI.

SONY GÆÐI Á SÉRSTÖKU OPNUNARTILBOÐI. BESTU LCD TÆKI SEM VÖL ER Á.



SC

Sony Center®

www.sonycenter.is sími 588 766

> Arnold Schwarzenegger

Móðir Arnolds var 23 ára ekka þegar hún giftist fimmtán árum eldri föðurnum. Arnold kveðst hafa fengið mjög strangt uppeldi og var ólin ekki spóruð á heimilinu. Faðirinn starfaði sem lögreglumaður og var oftast en ekki drukinn en hann skráði sig í Nasistaflokkinn árið 1938. Hann fékk þó að halda starfi sínu eftir stríðið þar sem ekki var hægt að færa sönnur fyrir stríðsglæpum. Arnold leikur í The Sixth Day í Sjónvarpinu kl. 22.20.



dagskró



VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FESTIST FYRIR FRAMAN SJÓNVARPIÐ Á BLÍÐVÍÐRISDEGI

Yfirnáttúrulegur kraftur íþróttanna

Ríkissjónvarpið virtist búa yfir yfirnáttúrulegum sokrafti síðasta sunnudag þegar tveir stórir íþróttaviðburðir voru sýndir í beinni útsendingu hvor á eftir öðrum. Gott veður var úti og margt hægt að gera sér til dægradvalar en einhverra hluta vegna tókst sjónvarpinu að hafa betur í þetta skiptið og er ég bæði full og þakklátur fyrir það. Dagskráin hófst með Opna breska meistaramótinu í golfi þar sem allt leit út fyrir að Spánverjinn Garcia myndi bera sigur úr þýtum. Þegar maður var rétt að komast í golfgráinn var skipt yfir í Formúluna, þar sem óvenju mikið gekk á. Hellirigingu kyngdi yfir keppnisbrautina örskömmu eftir ræingu og áttu ökuþórnir fullt í fangi með að halda sig á brautinni. Vangaveltur um það hvort þeir ættu að skipta um dekk eður ei sköpuðu mikla spennu og því átti maður auðvelt með að hrífast með.



SERGIO GARCIA
Spánverjanum Garcia tókst ekki að sigra á Opna breska meistaramótinu í golfi um síðustu helgi.

Eftir Formúluna var aftur skipt yfir í golfið og fljótlega fór Garcia að gefa eftir. Fann ég nokkuð til með honum þar sem hann hefur aldrei unnið neitt þrátt fyrir að hafa alltaf verið álitinn líklegur til þess. Endaspretturinn var magnaður þar sem bráðabana þurfti til að skera úr um úrslitin.

Reyndar urðu Ríkissjónvarpinu á mistök skömmu áður þegar ótrúlega löngu auglýsingahléi var skellt í loftið rétt áður en Garcia átti að slá mikilvægt högg. Höggið lenti vitaskulið auglýsingapakkanum og fengu áhorfendur enga afsökunarbeiðni þrátt fyrir að hafa misst af einu mest spennandi höggi keppinnar.

Engu að síður stóðu báðar íþróttásendingarnar vel fyrir sínu en mikil ósköp hefði mátt vera rigning og rok fyrir utan gluggann hjá manni, svona rétt til að friða samviskuna.

EKKI MISSA AF



20.05 Tímablakk SJÓNVARPIÐ



23.35 The United States of Leland STÖÐ 2



22.00 Anywhere But Here SIRKUS



18.00 Win A Date with Tad Hamilton! STÖÐ 2 BÍÓ



22.40 Hack - Lokabáttur SKJÁREINN

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstunden okkar 08.01 Gurra grís 08.06 Lítil prinsessa 08.17 Halli og risaeðlufatan 08.29 Músahús Mikka 08.53 Skordýr í Sólarlaut 09.18 Vinnuvélar 09.23 Leyniþátturinn 09.36 Princess F the Desert Kingdom

10.02 Latibær

10.30 Kastljós

11.00 14-2 e.

11.30 Austfjarðatröllid e.

12.15 Íslandsmótið í hestaíþróttum

14.15 Hlé

16.50 Svart kaffi - Gull í bolla (2:3) e.

17.50 Táknmálsfréttir

18.10 Vesturálman

18.54 Lottó

19.00 Fréttir

19.30 Veður

19.40 Lukkuriddarar (4:13)

20.05 Tímablakk (12:13)

20.50 Drepið manninn (Kill the Man) Bandarísk gamanmynd frá 1999. Tveir eigendur ljósnútarstofu eiga í stríði við risafyrirtæki. Meðal leikenda eru Luke Wilson.

22.20 Sjötti dagurinn (The Sixth Day) Framtíðartrýllir um mann sem rektst á einræktaða eftirlíkingu af sjálfum sér. Meðal leikenda eru Arnold Schwarzenegger. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

00.20 Ógnin yfirvofandi (The Sum of All Fears) Spennumynd. Meðal leikenda eru Ben Affleck, Morgan Freeman. Atriði eru ekki við hæfi barna. e.

02.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Two Brother

08.00 Try Seventeen

10.00 Win A Date with Tad Hamilton!

12.00 Big Momma's House 2

14.00 Two Brother

16.00 Try Seventeen

18.00 Win A Date with Tad Hamilton!

20.00 Big Momma's House 2 Bráðfyndin gamanmynd með Martin Lawrence í aðalhlutverki. Nú er FBI-lögreglumaðurinn Malcolm enn kominn í gervi stóru mömmu.

22.00 Æon Flux

00.00 Layer Cake

02.00 Jeepers Creepers 2

04.00 Æon Flux



07.00 Refurinn Pablo **07.05 Fifi and the Flowertots 1** **07.15 Véla Villi** **07.25 Blanche** **07.35 Hlaupin** **07.50 Dexter's Laboratory** **08.15 Kalli kanína og félagar** **08.40 Ginger segir frá** **09.05 Willoughby Drive** **09.20 Bratz** **09.40 Tutenstein** **10.05 A.T.O.M.**

10.30 The Cat in the Hat

12.00 Hádegisfréttir

12.45 Bold and the Beautiful

14.30 So You Think You Can Dance (12:23)

16.00 Örlagadagurinn (8.31)

16.40 Men In Trees (6.17)

17.40 60 mínútur

18.30 Fréttir

19.00 Íþróttir og veður

19.05 Lottó

19.15 How I Met Your Mother (19:22)

19.40 America's Got Talent (4:15)

Stærsta hæfileikaþekking heims er hafin en keppt er um milljón dollara vinning og titilinn hæfileikaríkasta manneskja Bandaríkjanna. (4:15) Undanúrslitakeppnin er hafin og aðeins eitt atriði mun komast áfram í næstu umferð.

21.00 America's Got Talent (5:15) Kosningu er lokið og nú kemur í ljós hvaða atriði kemst áfram í úrslitakeppnina.

21.25 Stelpurnar (10.24)

21.50 Kinky Boots Frábær gamanmynd um ungan mann sem erfir skóverksmiðju sem er við það að fara á hausinn. Hann fær róttæka hugmynd sem er aldeilis ekki við allra hæfi. Hann ákveður að fyrirtækið skuli hefja framleiðslu á stígvélum fyrir dragdrottningar. Aðalhlutverk: Chiwetel Ejiofor, Joel Edgerton, Sarah-Jane Potts. Leikstjóri: Julian Jarrold. 2005. Leyfð öllum aldurshópum.

23.35 The United States of Leland Stjörnum prýdd kvikmynd með verðlauna-leikurum Don Cheadle, Ryan Gosling, Kevin Spacey og Michelle Williams í aðalhlutverkum. Leland er ungur maður sem fremur morð að því er virðist að ástæðulausu. Hvað varð til þess að hann framdi þennan hræðilega glæp? Aðalhlutverk: Don Cheadle, Chris Klein, Ryan Gosling. 2003. Bönnuð börnum.

01.20 Armed and Dangerous (e)

02.45 Against the Ropes

04.30 Eurotrip

06.00 Fréttir

06.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

SIRKUS

16.30 Skífulistinn

17.15 Smallville (2.22) (e)

18.00 Bestu Strákarnir (13.50) (e)

18.30 Fréttir

19.45 Girls Of The Playboy Mansion (15.15) (e)

20.15 Joan of Arcadia (16.22) Önnur þáttaröðin um Joan. Sagan af Jóhönnu af Örk færð í nútímann. Táningsstelpa Joan er nýflutt til smábæjarinnar Arcadia þegar skírtnar upptökum fara að henda hana. Hún fer að fá skilaboð frá Guði sem fer að segja henni að gera alls kyns hluti sem hún og gerir.

21.00 Live From Abbey Road (3.12) (e) Þættir með lífandi tónlist frá þessu þekktasta upptökuværi heims sem Bítlamir gerðu ódauðlegt. Heimsfrægir tónlistarmenn flytja þrjú lög á milli þess sem þeir spjalla um tónlist sína og lífið. Fjölbreytnin er mikil og meðal gesta eru: Josh Groban, Massive Attack, Iron Maiden, Muse, Red Hot Chili Peppers, Jamiroquai, Damien Rice, Richard Ashcroft, Gipsy Kings, Norah Jones og Paul Simon.

22.00 Anywhere But Here (e) Þessi gæðamynd fjallar um Adele August sem fær nóg af smábæjarlífinu og fer frá seinni eiginmanni sínum. Hún stefnir á Beverly Hills og tekur dóttur sína með sér. Dóttirin er þessum ráðagerðum mótfallin og vill helst af öllu komast í háskóla á austurströndinni. Móðirin hefur þó annað í huga því draumur hennar er að gera kvikmyndastjörnu úr dótturinni. Aðalhlutverk: Susan Sarandon, Hart Bochner, Natalie Portman. 1999. Leyfð öllum aldurshópum.

23.50 Hidden Palms (7.8) (e)

00.35 Jake In Progress 2 (4.8) (e)

01.00 George Lopez Show, The (4.18) (e)

01.25 Jake 2.0 (2.16) (e)

02.10 Joan of Arcadia (16.22) (e)

02.55 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SJÓNVARP NORDURLANDS

12.15 Samantékt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á Sunnudag.



Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

11.35 Vörutorg

12.35 Dr. Phil (e)

16.20 Póstkort frá Arne Aarhus (e)

16.50 How Clean is Your House? (e)

17.20 World's Most Amazing Videos (e)

18.10 On the Lot (e)

19.10 Yes, Dear (e)

19.40 Everybody Hates Chris (e)

20.10 World's Most Amazing Videos (18.26) Ótrúleg myndbrot sem fest hafa verið á filmu. Raunveruleikinn er lygginn lík-

astur og hjartað slær hraðar þegar þú sérð þessi einstöku myndbönd. Sum eru bráðfyndin en önnur hádrámatísk.

21.00 Stargate SG-1 (12.22) Afar vandadrifur byggðir á samnefndi kvikmynd. Þetta er önnur þáttaröðin sem Skjáreinn sýnir um Jack O'Neill og sérsvit hans sem hélt í könnunarleiðangur út í geiminn eftir að jarðarbúar fundu "stjörnuhlíð" sem opnaði þeim aðgang að áður óþekktum plánetum. Þetta er vísindaskáldskapur af bestu gerð og slíkur þættir eiga stóran áhorfendahóp. Aðalhlutverkið leikur Richard Dean Anderson sem eitt sinn lék aðalhlutverkið í þáttaröðinni MacGyver.

21.50 High School Reunion (3.8) Bandarísk raunveruleikasería þar sem 17 fyrrum skólafélagar koma aftur saman tíu árum eftir útskrift og gera upp gömul mál.

22.40 Hack - Lokabáttur Mike Olschansky, leikinn af David Morse á ekki sjö dagana sæla. Hann var rekinn úr lögreglu-unnni fyrir agabrot og gerðist í kjölfarið leigubílstjóri. Fljótlega kemst hann að raun um að starf leigubílstjórans er ekki síður erlísamt en lögreglumannsins og gráu svæðin fullt eins mörg. Og eftir sem áður dansar hann á línunni.

23.30 Nora Roberts Collection - Montana Sky (e) Fjórða og síðasta myndin sem SKJÁREINN sýnir eftir sögum Noru Roberts. Þegar forrikur nautgripabóndi deyr erfa dætur hans þrjár risastóran búgarð í Montana. Aðalhlutverkin í þessari rómantísku spennumynd leika John Corbett (Sex and the City), Ashley Williams, Charlotte Ross og Diane Ladd.

01.00 Law & Order: Criminal Intent (e)

01.50 The L Word (e)

02.40 Angela's Eyes (e)

03.30 Tvöfaldur Jay Leno (e)

05.10 Vörutorg

06.10 Óstöðvandi tónlist



ÖLL GÖMLU GÓÐU LÖGIN ÞÍN Á GULL BYLGJUNNI

Gull Bylgjan er á Suðvestur horninu á tíðninni 90,9,
á bylgjan.is og Digital Íslandi.

**GULL
BYLGJAN**
909

- ÞESSI GÖMLU GÓÐU!

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 19.40
America's Got Talent

Úrslitakeppnin er hafin í stærstu hæfileikakeppni heims. Keppt er um milljón dollara vinning og titilinn hæfileikaríkasta manneskja Bandaríkjanna. Þátturinn kemur úr smíðju Simons Cowell og í dóm-
arasætinu sitja þau David Hasselhoff, söngkonan Brandy og Bretinn Piers Morgan.

▶ VIÐ MÆLUM MED
Lukkuriddarar
Sjónvarpið kl. 19.40

Þættir sem fjalla um húsvörðinn Eugene. Hann hefur lengi langað að opna bar en aldrei verið nógu fjáður til að láta drauminn rætast. En eftir að einn samstarfsmanna hans deyr sér hann smugu til þess að auðgast. Hann hefur séð það í sjónvarpinu hvernig frægðarfólk heimsins lifir í vellystingum og ætlar að komast yfir peninga með því að fá vini sína til að brjótask inn með sér hjá ríkum og frægum manni.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.50 Bæn	16.10 Eyja ljóss og skugga: Jamaíka í sögu og samtíð
07.05 Laugardagur til lukku	17.05 Hvítu svingdívurnar
08.00 Morgunfréttir	18.00 Kvöldfréttir
08.05 Músík að morgni dags	18.25 Auglýsingar
09.03 Sólarglingur	18.28 Á vængjum yfir flóann
10.15 Grannar okkar	18.52 Dánarfregnir og auglýsingar
11.00 Víkulokin	19.00 Kríngum kvöldið
12.00 Hádegisútlarp	19.30 Stefnumót
12.20 Hádegisfréttir	20.10 Tröllalæti í Ólandssögu
12.45 Veðurfregnir	21.00 Dragspilið dunar
13.00 Laugardagsþátturinn	21.55 Orð kvóldsins
14.00 Leitinn að eldsneytinu	22.15 Flakk
14.40 Tímakornið	23.10 Danslög
15.30 Með laugardagskaffinu	00.10 Útvarpað á samtengdum rásum til morguns
16.00 Síðdegisfréttir	
16.08 Veðurfregnir	

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SYN

09.15 World Supercross GP 2006-2007 (Georgia Dome)

10.10 Asian Trophy 2007 (Winners of Matches 1 & 2)

11.50 PGA Tour 2007 - Highlights (U.S. Bank Championship in Milwaukee)

12.45 Það helsta í PGA mótardönni

13.15 Íslandsmótið í golfi 2007

14.10 Íslandsmótið í golfi 2007

15.00 Íslandsmótið í golfi 2007 Bein útsending frá þriðja degi á Íslandsmótinu.

19.00 Tiger Woods - heimildamynd (2.3) Tiger Woods er einn besti kyflingur allra tíma. Rætt er við fjölskyldu og vini Tigers sem og þekktar stjórnur úr íþróttunum og skemmtanaheiminum sem allar eiga það sameiginlegt að dást eindregið að þessum snjalla kyflingi.

19.55 Alí's 65th Í þessum þætti verður varpað upp 65 atíðum úr lífi og starfi Alis; ljósmyndum, myndbrotum úr sjónvarpi og almennum staðreyndum um kappann. 2007.

20.45 Ricky Hatton vs Jose Luis Cast

22.15 Íslandsmótið í golfi 2007

BBC PRIME

6.15 Come Outside 6.30 Andy Pandy 6.35 Teletubbies 7.00 Top Gear Xtra 8.00 Hunting Chris Ryan 9.00 EastEnders 9.30 EastEnders 10.00 Mastermind 10.30 The Weakest Link 11.15 The Weakest Link 12.00 What not to Wear 13.00 Wedding Stories 14.00 The Life of Mammals 15.00 Wild New World 16.00 EastEnders 16.30 EastEnders 17.00 A Life Coach Less Ordinary 17.30 A Life Coach Less Ordinary 18.00 Cash in the Attic 18.30 The Life Laundry 19.00 The Murder Room 20.30 The Catherine Tate Show 21.00 The Smoking Room 21.30 French and Saunders 22.00 EastEnders 22.30 EastEnders 23.00 The Murder Room 0.30 The Catherine Tate Show 1.00 The Smoking Room 1.30 French and Saunders 2.00 Wild New World 3.00 Perfect Properties 3.30 Balamory 3.50 Tweenies 4.10 Big Cook Little Cook 4.30 Tikkabilla 5.00 Boogie Babies 5.15 Tweenies 5.35 Balamory 5.55 Big Cook Little Cook

DR 1

6.15 Dyrenes ø 6.40 SommerSummerum 7.10 Dragejægerne 7.35 Yu-Gi-Oh! 8.00 Hannah Montana 8.25 Rideklubben 8.50 Shin Chan 9.00 Sommertid 9.30 Landet der blev glemt 10.15 Guide til vejrs 10.45 Søren Ryge - Havhingsten bliver bygget 11.15 Kaptajn og besætning byder velkommen 11.45 Becoming 12.05 Mit USA 12.55 Smag på Danmark - med Meyer 13.25 Under åben himmel 14.25 Nikolaj og Julie 15.10 Før søndagen 15.20 Held og Lotto 15.30 Johanne i Troldeboven 16.00 Radiseerne 16.30 TV Avisen med vejret 16.55 Det lille hus på prærien 17.45 Aftentour 2007 18.10 Huset på Christianshavn 18.45 Kispus 20.25 Inspector Morse 22.10 Speedway 5.30 Gurli Gris 5.35 Zoe Kezako 5.50 Troldeboven

NRK1

6.05 Knekkebrødrene 6.15 I Mummidalen 6.40 Den Lille Havfruen 7.05 Energikampen 2006 7.35 Jimmy Neutron 8.00 Familien 8.30 Grønn glede 8.55 Jukeboks: Norge rundt 10.00 Jukeboks: Dansefot 11.00 Jukeboks: Du skal høre mye 12.00 Jukeboks: Norsk på norsk 13.05 Gjensynet 14.05 Plastposen 15.30 Er vi lykkelige, far? 16.00 Gisle Wink på eventyr 16.25 I småkrypland 16.30 Eva og Adam 17.00 Dagsrevyen 17.30 Lotto-trekning 17.40 Skishow med smell 19.20 Doc Martin 20.05 Fakta på lørdag: Fin på håret 21.00 Kveldsnytt 21.15 Begravelse med utsikt 22.50 Festivalsommer 5.30 Sommermorgen 5.31 Filmlene 5.50 Tigeren Edelbert 5.55 Bevare meg vel

SVT 1

7.15 Franklin 7.35 Katter - en dokusåpa 7.45 Så här går det till på Saltkråkan 8.15 Sagoträdet 8.30 Pi 8.45 Manad-tv 9.00 Fielen 9.20 Karamelli 11.40 Bo Kaspers - live 12.40 Sommartorget 13.10 Uppdrag granskning - sommarspecial 14.10 Tre kärlekar 15.00 Allsång på Skansen 16.00 Pingu 16.05 Disneydags 17.00 Ebba och Didrik 17.30 Rapport 17.45 Sportnytt 18.00 Försvarsadvokaterna 18.40 Minnenas television 19.45 Romerska rikets uppgång och fall 20.40 Rapport 20.45 BBC Cardiff Singer of the World 2007 22.15 Rabbit-Proof Fence 23.45 Sändningar från SVT24

Ég ætla ekkert að hætta að vinna þótt hann sé á leiðinni.

**HANN ER SETTUR
11. ÁGÚST**

VERÐ FRÁ
2.368 KR.

SYN2
enski boltinn

512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

Fannnís Friðriksdóttir



Aldur: 17 ára.
Starf: Er í bæjarvinnunni í Kópavogi í sumar en er annars í Flensborgarskóla á viðskiptafræðibraut.
Fjölskylda: Á tvö systkini sem heita Frans og Nína. Svo á ég dalmatíuhund sem heitir Arabella.
Foreldrar: Friðrik Friðriksson, framleiðslustjóri hjá Hitaveitu Suðurnesja, og Nanna Leifsdóttir hárgreiðslukona.
Búseta: Bý í Hafnarfirði.
Stjórnumerki: Ég er naut.

Fannnís Friðriksdóttir, framherji í U19-landsliði Íslands, var markahæst allra leikmanna eftir riðlakeppnina í úrslitakeppni EM U19 kvenna. Fannnís skoraði öll þrjú mörk íslenska liðsins.

Páll Ásgeir verður dómari í Gettu betur

„Ég hef verið heima hjá mér í fjóra daga síðan í maí þannig að ég er ekki enn farinn að semja spurningarnar,“ segir Páll Ásgeir Ásgeirsson, sem ráðinn hefur verið spurningahöfundur og dómari í Gettu betur, spurningakeppni framhaldsskólanna, næsta vetur. Páll er ekki ókunnugur spurningakeppnum, tók til að mynda þátt í Meistararam á Stöð 2 síðasta vetur. Hann hefur lengst af starfað sem blaðamaður en var upplýsingafulltrúi Þjóðleikhússins síðasta vetur.

Páll segist taka nýja starfinu eins og hverju öðru verkefni. Hann gefur ekkert upp hvernig vinnan við spurningarnar mun fara fram, segir einungis: „Ja, hvernig borðar maður hval? Maður borðar hann í

litlum bitum. Þetta er stórt verkefni og maður getur bara samið eina spurningu í einu.“

Þegar Fréttablaðið náði tali af Páli í gær var hann farinn að huga að heimferð eftir langa vist á fjöllum. Hann neitar því ekki að Gettu betur hafi leitað á hug hans undanfarið. „Ég lagði af stað með allan viðlegubúnað í bifreiðinni 29. júní og síðan hef ég sofað í tjaldi. Á þessum tíma hef ég hugsað um margt og þar á meðal þetta,“ segir hann. „Ég hef meðal annars verið að leggja mig eftir fuglahljóðum og grastegundum. Hvort það skilar sér í Gettu betur verður bara að koma í ljós. Setja ekki spurningahöfundarnir alltaf sitt mark á keppnina að einhverju leyti?“ - hdm



Á SKJÁINN NÆSTA VETUR Páll Ásgeir Ásgeirsson hefur tekið að sér að verða dómari og spurningahöfundur í Gettu betur á RÚV næsta vetur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2. köttur **6.** frá **8.** sigti **9.** yfirgaf **11.** mun **12.** trappa **14.** safna saman **16.** karlkyn **17.** fúadý **18.** pípa **20.** þys **21.** atлага.

LÓÐRÉTT 1. slitrótt tal **3.** 999 **4.** eyja **5.** svelg **7.** skemill **10.** píli **13.** útteildi **15.** svara **16.** knæpa **19.** slá.

LAUSN

LÓÐRÉTT 1: 1. táfs, 3. ím, 4. síkily, 5. íðu, 7. fótiskör, 10. rím, 13. gáf, 15. fén, 18. rór, 20. ys, 21. árás.
LÁRÉTT 2: 1. kisi, 6. af, 8. mið, 9. fór, 11. ku, 12. stígl, 14. smala, 16. kk, 17. fén, 18. rór, 20. ys, 21. árás.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8

1. Ingunn Wernersdóttir.
2. Birgitta Haukdal.
3. England og Þýskaland.



SVAVAR OG EFTIRLITSMENNIR - IR Dætur Svavars sjá til þess að hann hvíli sig vel og ætli sér ekki um of. Frá vinstri eru Rebekka Ósk, Erna María og Guðbjörg Lilja.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

SVAVAR HALLDÓRSSON: FÉKK HJARTAÁFALL EN ER Á BATAVEGI

Langyngstur á hjartadeildinni

Fréttamaðurinn Svavar Halldórsson fékk hjartaáfall af völdum kransæðastíflu snemma í síðustu viku en er á batavegi. Svavar, sem er aðeins 37 ára gamall, var staddur á Siglufirði ásamt konu sinni, Þóru Arnórsdóttur fréttamanni, og börn-

unum þeirra fjórum þegar atvikið átti sér stað.

„Ég sat bara úti í garði hjá litlu systur minni í rólegheitum þegar þetta gerðist en við fjölskyldan vorum nýkomin úr þvælingi um Vestfirðina,“ segir Svavar, sem segist ekki hafa áttá sig á því hvað var að gerast enda fátítt að menn á hans aldri fái hjartaáfall. Hann fór á heilsugæslustöðina á Siglufirði en var sendur hið snarasta með sjúkraflugi til Reykjavíkur og þaðan á skurðarborðið í aðgerð. „Börnin fjögur urðu eftir hjá litlu systur og hún keyrði seinna með þau hingað suður. Þóra kom með mér í flugvélin. Þetta var í raun mögnuð reynsla – bæði á jákvæðan og neikvæðan hátt. Svona atvik vekja mann til umhugsunar.“

Svavar segist hafa verið langyngstur á hjartadeild Landspítalans meðan hann lá þar. Hann segir að skýringuna sé fyrst og fremst að finna í genunum. „Þetta liggur í

ættinni hjá mér. Lífshættirnir spila auk þess sitt hlutverk og þótt minn lífsstíll sé ekkert sérstaklega slæmur var hann það fyrir nokkrum árum. Þegar maður er á þrítugsaldri veltir maður mataræði og reykingum ekki mikið fyrir sér. En nú þegar komið er í ljós að ég fékk ekki góða hendi þegar genunum var úthlutað er þetta undir sjálfum mér komið. Ef ég haga mér vel eru góðar líkur á að ég verði í lagi en ef ég passa mig ekki eru miklar líkur á að þetta gerist aftur.“

Svavar er sem fyrr segir á batavegi. „Ég á að taka því rólega í einhverjar vikur eða mánuði. Mér skilst að með heilbrigðu lífni eigi ég að geta náð fullum bata. Mér líður í sjálfu sér ágætlega en verð þreyttari en ég á að mér. Í raun finnst mér ég geta skellt á mig bakpoka og vaðið upp á fjall þannig séð. Ég þarf bara að vera meðvitaður um að ég eigi að fara varlega.“

sigrunosk@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Myndband Páls Óskars Hjálmtyssonar við lagið Allt fyrir ástina hefur notið mikilla vinsælda á Youtube eftir að bloggarinn Perez Hilton kynnti það í síðustu viku. Vel á annað hundrað manns hafa skoðað myndbandið á síðunni og þegar síðast var gáð var það í 84. sæti yfir vinsælustu myndböndin síðasta mánuðinn.



Baltasar Kormákur heldur með friðan hóp kvikmyndatökufólks til Flateyjar á næstu dögum þar sem tókur fara fram á nýrri kvikmynd hans sem er ný útgáfa af Ivanoff eftir Anton Tjekov. Svo skemmtilega vill til að altaríaflan í kirkjunni í Flatey er eftir föður kvikmynda-leikstjórans, Baltasar Samper. Þar með er ekki öll sagan sögð því Baltasar Kormákur er sjálfur fyrirmynd frelsarans á altaristöflunni sem máluð var fyrir rúmum tíu árum. Athygli vekur að Baltasar í hlutverki Jesú klæðist lopapeysu. Baltasar eldri sagði eitt sinn að það væri til að gera helgimyndina íslenska. Spennandi verður að sjá hvort altaristöflunni bregði fyrir í kvikmynd Baltasars yngri. Það myndi án efa teljast ný tegund af „cameo“-hlutverki.



QUENTIN TARANTINO GRINDHOUSE ROBERT RODRIGUEZ
 ROSE MCGOWAN BRUCE WILLIS FERGIE
 Robert Rodriguez - leikstjóri Sin City kynnr...
PLANET TERROR
 FRUMSYND 1. ÁGÚST 2007
 Sendu SMS skýtið JA PTF á númerið 1900 og þú gættir umnið bíðmíða fyrir því!
 Vinnugar eru bíðmíðar, DVD myndir og margt flei!
 99kr smíð 16

Stelpustrákar Ólafs í baráttuhug

„Það er auðvitað gaman að hafa komið einhverju frá sér sem getur nýst til almennilegra verka en ekki bara til þess að auka sjálfsegðið,“ segir kvikmyndagerðarmaðurinn Ólafur Jóhannesson en hópur stelpustráka á Filippseyjum hefur fengið leyfi til þess að nota mynd hans, Queen Raquela, sem verkfæri í baráttu sinni við stjórnmál á eyjunum. Stúlkurnar eru frá höfuðborginni Manila og reka þar lítinn réttindahóp stelpustráka. Markmiðið með sýningu kvikmyndarinnar er að vekja athygli á málstaðnum og ekki síður að fá ráðamenn til þess að setja lög gegn mismunum, en stelpustrákar fá hvorki inngöngu í skóla né góð störf á Filippseyjum. Queen Raquela fjallar í grunninn um stelpustrák sem starfar



VIÐ TÖKUR Í FILIPPSEYJUM Ólafur Jóhannesson tók upp kvikmyndina Queen Raquela á Filippseyjum en myndin fjallar um stelpustrák. Hópur stelpustráka í höfuðborginni Manila hefur nú fengið leyfi til þess að nota myndina sem verkfæri í baráttunni við þarlend stjórnmál.


rænum manni. Ólafur lýsir henni sjálfur sem „lítilli, klassískri mynd um örlög stelpustráks á Filippseyjum“. Hann segir hópinn í Manila bjartsýnan á að myndin muni skila tilætluðum árangri. „Þær eru alltaf mjög bjartsýnar enda alveg sérstök tegund og rosalegur kraftur í þeim. Þetta er hins vegar ekki auðveldasta skrimslíð að berjast við því stelpurnar búa í mjög íhaldssömu, kapólsku og hræddu samfélagi. Það er þó í grunninn ekki ósvipað vestrænum samfélögum enda þurfa þessir hópar að heylla sömu baráttuna víðast hvar í heiminum.“

Myndin er ekki fullunnin og Ólafur segir að ekki sé búið að ákveða hvenær hún verði frum-sýnd. „Mér finnst samt við hæfi að byrja að sýna hana þarna úti.“ - sók

NÚ ER KÁTT Í HÖLLINNI

RISA

MARKAÐUR



Í LAUGARDALSHÖLLINNI



SUMAR
Svali
SYKURSKERTUR
FYRIR BÖRNIN
*meðan birgðir endast



Nú fer veislunni að ljúka

Síðasta
helgin

TÓNLIST

DVD TÓNLIST

Íslensk tónlist - erlend tónlist
klassík - jazz



KR.
399



2CD
KR.
799



KR.
699



KR.
999



KR.
999

Pússundir
titla í boði

TÖLVULEIKIR

DVD MYNDIR

Leikir á allar leikjavélar
PC - Playstation 2 - PSP - Xbox - Nintendo



KR.
999



KR.
499



BOND
allar eldri
myndir

KR.
899



KR.
899

Gríðarlegt
úrval

OPH 11 - 19 ALLA HELGINA



BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR
STEINGRÍMSSONAR

Lúkas og Lassie

Í samræðu við félagi minn um daginn var mér bent á ákveðna samsvörun milli hundsins Lúkasar og annars hunds sem er talsvert frægari, en gekk í gegnum dálítið svipaðar hremmingar, en það er tíkin Lassie sem vafraði um Skotland og niður til Englands í leit að upphaflegum eiganda sínum, öðlingspilti í Yorkshire, eftir að hafa verið seld til illra manna af fjárhagslegum ástæðum.

LASSIE var reyndar að mínu mati nokkuð fallegra dýr en Lúkas, svo ég segi það bara hreint út og vonandi án þess að móðga neinn. Einnig má segja að sagan af Lassie sé út frá ákveðnum skáldlegum sjónarmiðum nokkuð tilkomumeiri en sagan af Lúkasi. Lassie lendir í alls kyns hremmingum en kemst jafnan út úr þeim með því að beita yfirburðagáfum og óviðjafnanlegum styrk í mótlæti. Ást hennar á piltinum góða, sem og tryggð hennar og hollusta við þá bláfátæku og tandurhreinu barnsál – sem var túlkuð svo eftirminnilega í bíómyndinni Lassie Come Home – fékk jafnvel hina kaldrifjuðustu stígamenn til þess að fella tár.

MED nokkrum einföldum samburðaræfingum má halda því fram að hin meinlegu ævintýri Lúkasar, með hliðsjón af hinni hárómantísku og fögru sögu af Lassie, dragi fram nokkuð athyglisverða þætti í íslenskri þjóðarsál og ekki síður nútímanum í heild sinni, sem halda má fram að einkennist af vissri hnignun.

HÉR höfum við hund og pilt. Einn augljós munur í söguþræði er sá að í tilvikum Lúkasar er hinn bláeygi piltur alls ekki elskaður af hundinum heldur þvert á móti. Í hinni íslensku sögu er pilturinn vændur um það að hafa troðið aðalsöguhetjunni í íþróttatösku og drepið hana með spörkum. Fíkn nútímans í ljótleika og harðneskju kemur hér skýrt fram. Hrópandi óréttlæti einkennir líka þessa frásögn og í stað hins trausta sambands pils og hunds einkennist sagan af Lúkasi af miklum og djúpstæðum misskilningi pils og hunds – nærðum af fordómum hins stygga og hleypidómafulla netsamfélags – sem gerir það að verkum að þeir fá aldrei að kynnast á uppbyggilegan og ástríkan máta.

SVIPAD má segja um samband Lúkasar og eiganda hans, sem í hinni íslensku sögu er kona. Í stað þess að leita eiganda síns, eins og Lassie, þá forðaðist Lúkas eiganda sinn og í stað þess að beita klókindum til þess að komast í fang hans, þurfti eigandinn að beita klókindum til þess að fá hann í fang sitt. Þetta lýsir firringu.

JAFNFRAMT er það skýrt einkenni á sögunni af Lúkasi, og lýsir þjóðarsálinni vel, að þegar öllu er á botninn hvolft gerðist ekki neitt í þeirri sögu annað en það að lítill hundur varð hræddur og hljóp upp í Hlíðarfjall. Það er einkum þetta sem gerir söguna svo íslenska enda hefur það löngum verið vítað að þessi eyþjóð hefur ákveðinn hæfileika til þess, í viðvarandi tíðindaleyzi, að gera sér mat úr engu. Ekki síst á þennan hátt er Lúkas hinn íslenski Lassie.

© Inter IKEA Systems B.V. 2007

ÚTSÖLUNNI lýkur á morgun 29. júlí



Opið 10:00 - 20:00 virka daga | Laugardaga 10:00 - 18:00 | Sunnudaga 12:00 - 18:00 | www.IKEA.is